

# FAXI

2. tölublað - 65. árgangur - 2005

*Kaupfélag  
Suðurnesja*

*60 ára*

*Saga í máli og myndum*



Guðjón Stefánsson og Magnús Haraldsson afhentu fjórum líknarfélögum gjafir á aðalfundi félagsins í apríl s.l. . Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga á Suðurnesjum fékk 500.000.- Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga í Hafnarfirði fékk 500.000.- og Krabbameinsfélag Suðurnesja fékk 500.000.-. Þá fékk Þroskahjálp á Suðurnesjum 1 milljón króna að gjöf. Með þeim á myndinni eru forystumenn félaganna. Á myndinni eru auk Magnúsar og Guðjóns, þau Ingibjörg Magnúsdóttir frá félagi aðstandenda Alzheimerssjúklinga á Suðurnesjum, Halldór Leví frá Þroskahjálp á Suðurnesjum, Haukur Helgason frá félagi aðstandenda Alzheimerssjúklinga í Hafnarfirði, Jón Axelsson og Erlingur J. Leifsson frá Krabbameinsfélagi Suðurnesja.

# Kaupfélag Suðurnesja 60 ára

## – samfelld saga

Afmælisnefnd Kaupfélags Suðurnesja óskar félagsmönnum og Suðurnesjamönnum öllum sem og starfsfólki og viðskiptavinum um allt land til hamingju með afmæli félagsins. Þá viljum við þakka Faxe fyrir að taka vel í að þessi útgáfa blaðsins yrði tileinkuð afmælinu. Efnistöð eru með hefðbundnum hætti, viðtöl við forystumenn félagsins, sagan rakin í annálsformi, myndir og frásagnir úr starfsemi Samkaupa hf. Það hafa eðlilega orðið talsverðar breytingar í 60 ára samfelldri sögu. Félagið á rætur sínar í verkalýðsstarfi hér suður með sjó en hefur nú teygst anga sína hringinn í kringum landið. Í tengslum við 60 ára afmælið var aðalfundur félagsins sem fram fór í apríl s.l. með sérstökum afmælisbrag. Þá er fyrirhugað að á haustdögum komi út geisladiskur með upplýsingum og viðtölum um félagið og sögu þess.

Á þessum tímamótum skipaði stjórn félagsins framtíðarnefnd sem fékk það hlutverk að rýna í og koma með tillögur til stjórnar um áherslur og nýjar hugmyndir um starfsvettvang félagsins.

Kaupfélagið var stofnað á sínum tíma í þeim tilgangi að útvega félagsmönnum sínum góða vöru á sem hagstæðustu verði. Þó verslunarreksturinn sé nú í höndum Samkaupa hf. stendur eftir félag sem

enn hefur það að markmiði að nýta samtakamáttinn félagsmönnum til hagsbóta.

Jafnframt leggur Kaupfélagið áherslu á að arðurinn af starfsemi þess renni aftur til íbúa svæðisins þar sem þörfin er til staðar.

Framtíðarnefndin hefur hittst alloft og meðal annars kynnt hugmyndir um að Kaupfélag Suðurnesja skoði valkosti í byggingu öryggisíbúða fyrir aldraða eða aðrar sambærilegar lausnir. Það er í mörg horn að líta og mikilvægt að vanda til verka til að Kaupfélags Suðurnesja eigi farsæla framtíð með íbúum Suðurnesja.



Afmælisnefnd – framtíðarnefnd  
Skúli Þorbergur Skúlason, Sturla Gunnar Eðvarðsson og Jóhann Geirdal.

Efni þessa tölublaðs er helgað 60 ára sögu Kaupfélags Suðurnesja og er það mjög viðeigandi að mati blaðstjórnar því félagið hefur í gegnum tíðina verið meðal helstu bakhjarla blaðsins. Er félagsmönnum KSK sem og starfsmönnum öllum sendar bestu afmælikveðjur. Forsíðumyndin er að þessu sinni tekin af Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara í Njarðvík en hann er um þessar mundir að gefa út bók með ljósmyndum af náttúru Reykjaness. Jafnframt mun hann verða með ljósmynda-sýningu í tengslum við Ljósnótt. Kaupfélag Suðurnesja hefur styrkt Oddgeir í sambandi við þessi verkefni hans en félagið hefur einmitt á stefnuskrá sinni að styrkja menningarstarfsemi sem þessa. Eins og lesendur munu sjá er mikill fjöldi ljósmynda í blaðinu. Ekki er unnt að geta ljósmyndaranna sérstaklega en m.a. má þó nefna ljósmyndara Víkurfrétta, Oddgeir Karlsson, Heimir Stígsson (Byggðasafn Reykjanesbæjar), ýmsa starfsmenn Samkaupa hf. o.fl. Þá eru fjölmargar ljósmyndir fengnar úr myndasafni KSK. Er hér með öllum þessum aðilum færðar bestu þakkir. Ritstjórar.



Útgefandi: Málfundafélagið Faxi, Keflavík.  
Afgreiðsla: Vallargata 17, sími 868 5459.  
Ritstjórar: Helgi Hólm og Eðvarð T. Jónsson  
Blaðstjórn: Kristján Gunnarsson, Helgi Hólm, Magnús Haraldsson, Geirmundur Kristinsson og Birgir Guðnason.

Öll prentvinnsla: Stapaprent ehf.  
Gröfin 13c - 230 Keflavík. Sími 421 4388 - Fax 421 4388  
Netfang: stapaprent@gi.is  
Netfang v/auðglýsinga: helgiholm@vogar.is  
Forsíðumyndin er tekin í Leirunni. Ljós. Oddgeir Karlsson



## Stjórn Pöntunarfélags VSKF, forvera Kaupfélags Suðurnesja



**Bjarni  
Sveinsson.**



**Ragnar  
Guðleifsson.**



**Þorbergur P.  
Sigurjónsson.**

### Stjórnarmenn í Kaupfélagi Suðurnesja 1945-2005

|                           |            |           |
|---------------------------|------------|-----------|
| Guðni Magnússon           | í stjórn   | 1945-1950 |
| Guðni Guðleifsson         | í stjórn   | 1945-1946 |
| Hallgrímur Th.Björnsson   | í stjórn   | 1945-1971 |
| Ragnar Guðleifsson        | í stjórn   | 1945-1963 |
| Björn Hallgrímsson        | í stjórn   | 1945-1953 |
| Kristinn Jónsson          | í stjórn   | 1960-1964 |
| Kristinn Jónsson          | varastjórn | 1945-1960 |
| Steindór Pétursson        | í stjórn   | 1948-1954 |
| Ásgeir Daníelsson         | í stjórn   | 1950-1956 |
| Benedikt Jónsson          | í stjórn   | 1954-1960 |
| Pétur Pétursson           | í stjórn   | 1954-1960 |
| Svavar Árnason            | í stjórn   | 1956-1983 |
| Ólafur Björnsson          | í stjórn   | 1960-1963 |
| Ólafur Björnsson          | varastjórn | 1963-1964 |
| Hermann Eiríksson         | í stjórn   | 1963-1974 |
| Hermann Eiríksson         | varastjórn | 1960-1963 |
| Sæmundur G.Sveinsson      | í stjórn   | 1964-1966 |
| Sæmundur G.Sveinsson      | varastjórn | 1945-1964 |
| Sigfús Kristjánsson       | í stjórn   | 1964-1985 |
| Kristinn Björnsson        | í stjórn   | 1966-1988 |
| Kristinn Björnsson        | varastjórn | 1964-1966 |
| Ólafur Guðmundsson        | í stjórn   | 1971-1980 |
| Sigurður Brynjólfsson     | í stjórn   | 1980-1986 |
| Sigurður Brynjólfsson     | varastjórn | 1974-1980 |
| Jón V. Einarsson          | í stjórn   | 1975-1984 |
| Sæunn Kristjánsdóttir     | í stjórn   | 1983-1989 |
| Magnús Haraldsson         | í stjórn   | 1984-     |
| Birgir Guðnason           | í stjórn   | 1985-     |
| Jóhann Geirdal            | í stjórn   | 1986-1992 |
| Ólafur Gunnlaugsson       | í stjórn   | 1989-2004 |
| Ólafur Gunnlaugsson       | varastjórn | 1985-1989 |
| Guðbjörg Ingimundardóttir | í stjórn   | 1990-     |
| Guðbjörg Ingimundardóttir | varastjórn | 1989-1990 |
| Eyjólfur Eysteinnsson     | í stjórn   | 1992-     |
| Sturla Eðvarðsson         | í stjórn   | 2004-     |

### Varamenn í stjórn Kaupfélags Suðurnesja

|                        |           |
|------------------------|-----------|
| Valdimar Guðjónsson    | 1945-1960 |
| Björn Guðbrandsson     | 1954-1958 |
| Þórarinn Ólafsson      | 1963-1968 |
| Helgi Helgason         | 1964-1979 |
| Pétur Lárusson         | 1968-1981 |
| Óskar Jónsson          | 1979-1985 |
| Esther Þórðardóttir    | 1981-1990 |
| Ólafur Eggertsson      | 1980-1992 |
| Pétur Þórarinnsson     | 1990-2004 |
| Óskar Guðjónsson       | 1990-2001 |
| Guðfinnur Sigurvinsson | 1992-     |
| Jóngeir Hlinason       | 2001-     |
| Steinþór Geirdal       | 2004-     |

Árið 1947

## Páska-innkaupin!

## Allt í páska-baksturinn!

### Á páskaborðið

Hangikjöt  
Buff  
Gullach  
Kótleittur  
Grænir baunir  
Pickles, súr, sætur  
Sultur, marmelaði  
Rúsinur, sveskjur o. fl. o. fl.

Öl, gosdrykkir, sælæti, sigarettur.

### Páskavindlarnir.

**Kaupfélag Suðurnesja**

Árið 1945

## Ódýr matarkaup

Öllum ótrúlega lítið af engum hrossum og hólélum.

Verðið verður sama og lengra markaðsverð í Reykjavík

Kjötið verður selt í kúlu- og stúkuformi, rítt og reykt. Einnig verður

veitt fyrir þó, sem þess áttu og komu með tunur.

Þó verður reynt að halda tunur til sölu eftir því, sem hægt

verður. Kjúði verður hlaðið frá 20. september.

Þóttverð ykkur að gæta góð og selja matarkaup.

Þóttverð verð málaka í höfðinu.

**Kaupfélag Suðurnesja**

Keflavík



Starfsfólk á skrifstofu Samkaupa ásamt sumarafleysingafólki. Efri röð frá vinstri: Júlía Einarsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Jónína Færseth, Brynja Sigfúsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Guðbjörg Friðriksdóttir, Sigrún Halldórsdóttir og Þórhalla Pálsdóttir Sædal. Neðri röð frá vinstri: Sólveig Einarsdóttir, Skúli Skúlason, Brynjar Steinarsson, Ómar Valdimarsson og Guðjón Stefánsson.

*Góð staða Kaupfélags Suðurnesja á 60 ára afmælisári  
segir Guðjón Stefánsson kaupfélagsstjóri*

# Kaupfélag Suðurnesja forystuafli í íslenskri samvinnuverslun

## Upp úr öldudalnum

*Staða Kaupfélagsins í lok níunda áratugarins var slæm eins og margra annarra fyrirtækja í landinu. Hverjar voru ástæðurnar fyrir taprekstrinum og hvernig tókst að bjarga félaginu?*

„Það voru engar kjöraðstæður fyrir verslunarrekstur á þessum tíma. Sérlega slæmt var ástandið milli 1985-90. Við blasti samdráttur í efnahagslífinu, minnkandi landsframleiðsla, vaxandi atvinnuleysi og mikil verðbólga. Jafnframt stóðu yfir verulegar breytingar í sjávarútvegi. Við

Kaupfélag Suðurnesja hefur gengið í gegnum mikla umbrotatíma síðan það var stofnað fyrir 60 árum. Félagið hefur verið einn af mikilvægum þáttum í atvinnu- og verslunarsögu Suðurnesja og saga þess farsæl en enganveginn áfallalaus. Oft hefur syrt í álinn en með samstilltu átaki og skapandi viðhorfum hefur ávallt tekist að rétta við hag þess og um leið að móta nýtt umhverfi í verslunarrekstri hér á Suðurnesjum og víðar um land. Einn af þessum viðsnúningum í rekstri félagsins má hiklaust telja markverðan í verslunarsögu síðari ára. Er hér átt við þau tímamót þegar Kaupfélag Suðurnesja breyttist í það að vera verslunarfyrirtæki á landsvísi. Guðjón Stefánsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, tók virkan þátt í endurskipulagningu kaupfélagsins fyrir tæpum tveimur áratugum. Hann féllst á að segja lesendum Faxe frá þróuninni á þessu umbrotaskeiði.

tókum þá stefnu að fara í saumana á öllum rekstrarþáttum og endurskipulögðum félagið nánast frá grunni. Þetta leiddi til þess að verulega dró saman í rekstri. Frá 1988-91 voru lagðar niður fimm verslanir og velta kaupfélagsins minnkadi um 20-25%.

Ýmsir sögðu að við værum á rangri leið - réttara væri að keyra sig upp úr öldudalnum með aukinni sókn. Við sem stýrðum kaupfélaginu vorum hinsvegar sammála um að vænlegra væri að draga saman seglin og vera síðan tilbúnir í átök



Þegar ný tækifæri gæfust. Við töldum að rekstur sem búið væri að tálga inn að beini væri vel í stakk búinn til nýrra sóknarfæra. Þegar þarna er komið sögu hafði um nokkurn tíma verið unnið að því að færa félagið úr blandaðri starfsemi sem við höfðum verið í frá upphafi eins og flest önnur kaupfélög. Umfangið má ráða af því að lengst af rak félagið m.a. bakarí, sláturhús, fiskvinnslu og útgerð, flutningastarfsemi, trygginga-umboð o.fl. Unnið hafði verið að því að einfalda hlutina, bakaríið var lagt niður og við hættum flutninga- og sláturhúsarekstri. Félagið dró sig einnig út úr fiskvinnslu sem hafði orðið fyrir ýmsum skakkaföllum. En á sama tíma, þ.e. upp úr 1980 réðist félagið í byggingu 2300 fermetra verslunarhúss í Njarðvík, sem hýsir verslunina Samkaup-Úrval og Kjötvinnslan Kjötsel var þar einnig til húsa þar til þeirri starfsemi var hætt á árinu 2004. Þessi bygging var mikið átak og þungt verkefni á erfiðum tímum. Okkur fannst jafnframt skynsamlegt að straumlínulaga félagið þannig að starfsemin yrði einsleitari og hnitmiðaðri með megináherslu á matvöru og kjötiðnað. Árið 1996 seldum við byggingarvörudeild kaupfélagsins. Þótt við værum stórir í byggingavörusölu hér á Suðurnesjum vorum við litlir á landsvísi og gerðum okkur grein fyrir að við gátum ekki verið góðir á öllum sviðum. Áherslan á matvöruverslunina og einsleitni í rekstri var stór þáttur í batnandi afkomu félagsins. Árið 1988 var mjög slæmt rekstrarár hjá félaginu og það var rekið með miklu tapi það ár. Næstu tvö árin var einnig tap á rekstrinum og horfurnar fremur daprar. Eftir 1992 byrjaði loks að rofa til og við fórum að leita nýrra tækifæra.“

### Útrásin hefst

„Vandamálið sem við blasti þá, og reyndar síðar, var sú staðreynd að kaupfélögin voru svæðaskipt. Sérhvert kaupfélag vann eingöngu innan síns fé-



Kaskó í Keflavík



Guðjón Stefánsson kaupfélagsstjóri flytur skýrslu á aðalfundi félagsins.



Jón Sigurðsson, fyrrv. formaður stjórnar Samkaupa og núv. Seðlabankastjóri, ávarpar aðalfundi KSK vorið 2004



Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Suðurnesja 1995:  
Efri röð frá vinstri: Pétur Þórarinnsson, Eyjólfur Eysteinnsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Guðjón Stefánsson, Ólafur Gunnlaugsson, Neðri röð frá vinstri: Guðbjörg Ingimundardóttir, Birgir Guðnason, Magnús Haraldsson og Ragnhildur Edda Ottósdóttir.

lagssvæðis. Við töldum þetta geta hamlað frekari vexti. Svæðaskiptingin þýddi að við stóðum ekki jafnfætis fyrirtækjum sem unnu á landsvísi. Við vildum því reyna að leggja svæðisbundnu sjónarmiðin til hliðar og færa starfsvettvanginn út fyrir Suðurnesin. Þetta reyndist ráða úrslitum um batnandi afkomu. Tækifæri gáfust til betri innkaupa, aukinnar hagráðingar og ódýrara skrifstofuhalds. Fjölgun verslana og meiri velta gerðu gæfumuninn varðandi innkaupamálin og gerðu okkur kleift að keppa á samkeppnishæfari verðum en áður. 1993 keyptum við stóra verslun í Hafnarfirði og þá verða ákveðin kaflaskipti í sögu félagsins. Við vorum komnir út fyrir félagssvæðið okkar og það opnaði sýn á möguleika til frekari stækkunar. Við keyptum fyrrum rekstur Kaupfélags Ísfirðinga 1996 og nokkru síðar verslanir í Reykjavík. Eftir það unnum við markvisst í því að efla reksturinn með því að kaupa verslunarrekstur þar sem tækifæri buðust til þess og jafnframt að sameinast öðrum félögum. Í dag er félagið með 34 verslanir víða um land. Auk þess eru 7 verslanir Kaupfélags Héraðsbúa á Austurlandi með samstarfs

samning við Samkaup hf.

Stóra breytingin felst í þessari útrás og þeirri nýhugsun að Suðurnesin þyrftu ekki að vera okkar eini starfsvettvangur. Eftir það lá leiðin upp á við og margt í rekstrinum hefur orðið einfaldara og léttara með þessu móti.

Á þessum tíma vorum við orðnir þess vel meðvitaðir að hlutafélagaformið hentaði betur fyrir reksturinn og ræddum það m.a. á þremur aðalfundum í kaupfélaginu að nauðsynlegt væri að gera reksturinn að hlutafélagi vegna lagalega forskots sem það hefur á önnur rekstrarform.

1998 stofnaði Kaupfélag Suðurnesja Samkaup hf, setti allan sinn verslunarrekstur þar inn og varð nánast eitt eigandi að Samkaupum. Árið eftir var félagsmönnum í kaupfélaginu boðið að kaupa bréf í hlutafélaginu. Því boði tóku um 350 félagsmenn sem keyptu 10% hlut. Allar götur síðan hefur það að þessu leyti verið í dreifðri eignaraðild. Félagsmenn Kaupfélagsins eru nú um 3500 talsins, flestir hér á Suðurnesjum og Hafnarfirði, Álftanesi og Garðabæ.

Það ber þó að hafa í huga að þó reksturinn hafi eflst og umfangið aukist eru yfirleitt sömu vandamálín við að fást. Hættur og vandamálín eru þau sömu en hagkvæmnin sem fæst með stærðinni gerir hinsvegar oft auðveldara að vinna á vandamálunum.“

### Samkaupsregnhlífín

*Verslunarrekstur úti á landi er víða kominn undir Samkaupsregnhlífinu. Hvernig er tengslunum háttað og hvernig gengur þessi samvinna fyrir sig?*

„Á nokkrum stöðum höfum við keypt kaupfélagsrekstur og á öðrum stöðum kaupmannsrekstur en það er ekki í mörgum tilvikum sem við höfum beinlínis sameinast öðrum félögum. Kaupfélag Borgfirðinga lagði til að mynda sinn verslunarrekstur inn í Samkaup h.f. og



Mynd þessi var tekin þegar fyrrum starfsmönnum Kaupfélags Eyjafjarðar og síðar Matbæjar voru veittar viðurkenningar fyrir langan starfsaldur. Var þetta gert í samræmi við þá hefð sem skipast hefur hjá Kaupfélagi Suðurnesja og nú Samkaupum hf. Á myndinni eru í aftari röð frá vinstri: Skúli Skúlason, Gísli Gíslason, Emma Jónsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Elín Jónasdóttir, Sigríður Vilhjálmisdóttir, Hannes Karlsson, Guðjón Stefánsson, Axel Aðalgeirsson. Fremri röð frá vinstri Gylfi Björnsson, Valgerður Guðmundsdóttir, Þorgerður Sveinbjarnardóttir, Sigurveig Einarsdóttir, Hrafnhildur Grímsdóttir, Laufey Ingadóttir, Friðbjörg Jóhannsdóttir.

varð þar með hluthafi í Samkaupum og tekur fullan þátt í rekstri félagsins, m.a. með beinni aðild að stjórn þess. Á Blönduósi og Skagaströnd keyptum við fyrrum kaupfélagsrekstur og því ekki um samstarf að ræða en við reynum að rækta tengslin við kaupfélögin sem eftir standa eins vel og við getum. Sumstaðar, eins og t.d. í Borgarnesi, standa þessi félög traustum fótum sem eignarhaldsfélög með fasteignir og annan rekstur. Á Suðurlandi og víðar höfum við keypt kaup-

mannsverslanir en á Austfjörðum er samstarfið við Kaupfélag Héraðsbúa með þeim hætti að þeir leigja af okkur búðargerðirnar. KHB rekur allar sínar búðir undir okkar nöfnum og gerir innkaup í gegnum okkur en við veitum þeim á móti ákveðna lágmarksþjónustu. Ekki má gleyma því að árið 2001 sameinuðust Samkaup h.f. og Matbær ehf., sem var félag um verslunarrekstur Kaupfélags Eyfirðinga. Kaupfélag Suðurnesja og félagsmenn þess var í fyrstu helmingseigandi á móti

norðanmönnum en keypti þeirra hlut tveimur árum síðar þegar norðanmenn tóku þá ákvörðun að draga sig alfarið út úr verslunarrekstri. Við þessa sameiningu rúmlega tvöfaldaðist velta Samkaupa h.f.“

### Vöruúrval og þjónusta

*Á hvað hafa Samkaup lagt mesta áherslu í vöruvali og þjónustu?*

„Áherslurnar eru býsna alhliða. Við höfum lagt mest upp úr hefðbundinni matvöru en erum núna að endurskipuleggja okkur og viljum leggja meiri rækt við sérvöru í stærri búðunum. Helstu búðargerðirnar okkar eru litlu verslanirnar sem við nefnum Samkaup Strax en þær eru hreinræktaðar þjónustuverlanir í hverfum og minni plássum. Þar er boðið upp á miðlungsvöruúrval en þó fyrst og fremst matvöru. Síðan erum við með Samkaup Úrval, stærri búðir með býsna miklu vöruúrvali og er ætlunin að auka það enn frekar. Þá erum við með lágvöruverslanir undir nafninu Nettó sem eru stærri búðir með



**Sólveig Einarsdóttir**  
innheimtustjóri sér nú um bókhald Kaupfélagsins.



**Geir Geirsson lögg.** endurskoðandi annaðist gerð ársreikninga og endurskoðun í 27 ár.





Löng hefð er fyrir því að veita starfsfólki starfsaldursviðurkenningu eftir 25 ára starf hjá Kaupfélagi Suðurnesja. Myndin er frá slíkum atburði. Fremri röð frá v.: Ásdís Minný Sigurðardóttir (25 ár), Ágústina Albersdóttir (25 ár), Sólveig Einarisdóttir (25 ár). Aftari röð frá v.: Skúli Skúlason, starfsmannastjóri, Gísli Gíslason, rekstrarstjóri, Valgerður Helgadóttir (25 ár), Birgir Scheving (40 ár), Axel Aðalgeirsson, form. Starfsmannafélags Samkaupa og Guðjón Stefánsson, kaupfélagsstjóri. Myndin er tekin í „Efra Sandgerði“ 2003.

matvöru og nokkrurri sérvöru en tiltölulega hnitmiðuðu vöru-útvali. Loks kemur Kaskó sem eru verslanir með vöru á lægsta verðstigi og nokkuð takmarkaðra úrvali.“

### Aldrei skort á samkeppnina

*Hvað um samkeppni við aðra matvörumarkaði á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu sem er alltaf að færast nær, bæði í byggð og með bættem samgöngum?*

„Suðurnesin hafa alltaf verið í mikilli samkeppni við Reykjavíkursvæðið. Staðir sem eru í tiltölulega lítilli fjarlægð frá stórborg þykja jafnan erfiðustu verslunarstaðirnir. Það er að hluta til afþreying að fara í búðir til að skoða og versla og menn leita þá gjarnan til Reykjavíkur



Ný verslun Samkaupa við Borgarbraut á Akureyri, opin 24 tíma á sólarhring alla daga vikunnar.

svæðisins. Samkeppni innan svæðisins hér á Suðurnesjum hefur auðvitað oft verið mikil. Hér voru merkir og ágætir kaupmenn. Má þar til dæmis nefna Nonna og Bubba, Sölva-búð, Ingimundarbúð og fleiri. Árni Samúelsson og Víkurbær kepptu grimmt á sínum tíma og Jósafat Arngrímsson hafði sín áhrif á verslunina hér. Síðan komu hér stærri aðilar eins og Hagkaup sem síðar breyttist í Bónus. Það hefur aldrei skort á samkeppnina hér á svæðinu og við kveinkum okkur ekkert undan henni. Samtök verslunar og þjónustu hafa beitt sér gegn ríkissrekstrinum í Leifsstöð, þ.e.a.s. Fríhafnarrekstrinum, en ég lít ekki á Fríhöfnina sem samkeppnisaðila. Það eru tiltölulega fáir aðilar á íslenska matvörumarkaðinum og einn þeirra, Baugur/Hagar, er afgerandi stór með meira en 50 prósent markaðshlutdeild. Ég geri engan greinarmun á því hvort Fríhafnarviðskiptin í Leifsstöð eru rek-in af ríkinu eða af markaðsráð-andi aðila. Frelsið verður ekkert meira fyrir það. Ef einokun þarf að vera í einhverjum viðskiptum þá er betra að hún sé á hendi ríkisins „

### Tenging við útlönd

*Útrás kaupfélagsins hefur fram til þessa einkum verið innan-lands. Eru einhver áform uppi um að leita sóknarfæra erlendis?*

„Við höfum ekki horft þannig út fyrir landsteinana en hinu er ekki að leynd að það þrengir um á þessum matvörumarkaði hjá okkur. Við gerum okkur grein fyrir því að þegar einn aðili ræður meira en helmingi af þessum markaði er sviðið orðið mjög



Frá aðalfundi KSK 2004.

þröngt, samkeppni hætta búin og stutt í fákeppni sem við viljum helst ekki búa við. Við erum ekki með nein útrásaráform á erlendri grund hvað varðar matvöruverslunina en hugsast getur að við tengjumst útlöndum í gegnum lyfjaverslunina. Mín skoðun er sú að Íslendingar þurfi á því að halda að tengjast útlöndum meira til að komast út úr ýmsum viðjum sem lyfjaverslunin hefur verið í. Við lítum á það sem okkar hlutverk að vinna að lægra lyfjaverði í landinu.“

### Rekstrarumhverfið

*Hvað viltu segja um rekstrarumhverfið almennt?*

„Ég tel að rekstrarumhverfið hafi versnað að undanfögnu og það er vissulega dálítið sérstakt miðað við að góðæri er í landinu. Þetta tengist auðvitað því að markaðurinn er einsleitur og gefur lítið svigrúm vegna stærðar eins rekstraraðila sem ræður ríkjum á höfuðborgarsvæðinu þar sem sóknarfærin eru. Við

höfum að undanfögnu séð undirboð á markaði og höfum reynt að taka þátt í því kapphlaupi eftir því sem við teljum skynsamlegt. Það eru hinsvegar takmörk fyrir því hvað við viljum ganga langt. Það sem gerir þessi mál svo alvarleg er að markaðsráðandi aðili gengur í fararbroddi hvað varðar undirboðin.“

### Verslunarnám

*Hvað um starfsfólk Samkaupa h.f. og starfsskilyrði þess? Er því boðið upp á starfsnám eða endurmenntun af einhverju tagi?*

„Við erum með Samkaupa-skólann sem við köllum svo. Hann er rekinn með aðstoð Símenntunar á Suðurnesjum og reyndar um allt land. Boðið er upp á byrjendanámskeið og ýmiss konar sérgreind námskeið. Það verður þó að viðurkennast að í þessum hörðu samkeppnisgreinum er ævinlega mikill veltuhraði á starfsfólki og starfsskilyrði að minnsta kosti umdeilanleg. Það er alltaf verið að berja á verðinu og starfsum-

hverfið er alltaf viðkvæmt fyrir sveiflum. En við erum með um 700 manns í starfi hjá félaginu og teljum að við séum eftir atvikum í svipaðri stöðu og stærri verslunarfyrirtæki. Þó nokkuð hátt hlutfall af fólki hefur þó starfað hjá okkur lengi. Hinsvegar er töluverð hreyfing á starfsfólki á Reykjavíkursvæðinu og hér á Suðurnesjum. Þess má geta að við tökum þátt í verslunarstjóranámi sem haldið er úti við háskólann á Bifröst. Við höfum einnig verið þátttakendur í almennu verslunarnámi sem starfrækt er við Verslunar-skóla Íslands.“

Guðjón Stefánsson sagði að lokum að mjög ánægjulegt væri hversu góðan hljómgrunn og stuðning allar hugmyndir um breytingar á rekstri kaupfélagsins hefðu fengið hjá félagsmönnum á síðustu árum. Langstærstur hluti samvinnuverslunar í landinu er nú með þáttöku Kaupfélags Suðurnesja.

Fullt af mat fyrir  
lítinn pening!



- örugglega ódýrt!



# „Samfélagslegur árangur mikilvægari en að skara eld að eigin köku“

Samvinnuhreyfingin á Íslandi hefur gengið í gegnum miklar þrengingar á undanförunum áratugum og starfsemi hennar dregist mjög saman á flestum sviðum. Samvinnufélögum hefur fækkað verulega hérlandis og hið sama hefur gerst víða um heim á síðustu 20-30 árum. En táknar það að gamla samvinnuhugsjónin sé á undanhaldi eða jafnvel í andarslitrunum? Guðjón Stefánsson svarar þessari spurningu afdráttarlaust neitandi og bendir í því sambandi á að félagslegu sjónarmiðin ráði enn miklu í rekstri kaupfélagsins. Jafnframt megi ráða af nýrri þróun í Bandaríkjunum og Evrópu að menn sjái þar ný tækifæri fyrir samvinnufélög.

„Við höfum ekki horfið frá samvinnuhugsjóninni,“ segir Guðjón í samtali við Faxa. „Við höfum þvert á móti fylgt eftir breyttum tíðaranda og breyttum tímum og nýtt okkur tækifærin með því að færa reksturinn yfir í það form sem hentar honum betur. Kaupfélagshugmyndin situr hinsvegar eftir í kaupfélaginu. Kaupfélagið er eignarhaldsfélag sem er meirihluta-eigandi í matvöruversluninni, á 35% í Lyfju h.f., sem á Heilsuhúsið og rekur lyfjaverslanir í Liháen. Grunnur kaupfélagsins er í félagsmönnum á okkar svæði, stofnsjóðurinn er eyrnamerkur þeim og félagslegu sjónarmiðin ráða enn ferðinni. Á hitt ber að líta að ef við hefðum bundið okkur við upphafleg stefnu mið félagsins og ekki tekið mið af breyttu þjóðfélagi, hefði farið fyrir okkur eins og öðrum sem ekki fylgja eftir þeim byltingakenndu breytingum sem hafa orðið á þjóðfélaginu. Við höfum borið gæfu til þess að komast í gegnum þessar breytingar og nýta þann dulda kraft sem í þeim felst. Ég trúi því að mesti styrkleiki félagsins felist í því að geta tekist á við og aðlagð sig breyttu umhverfi. Allt hefur í rauninni snúist um það að sjá tækifærin í umbreytingunum frekar en neita að viðurkenna þær. Víða erlendis þar sem öfgarnar hafa náð lengst í einkavæðingu og gróðahyggju, t.d. í Bandaríkjunum og Bretlandi, er verið að hefja samvinnuformið til vegs og virðingar á ný. Þar hafa menn séð kosti félagsformsins og fundið því rúm á milli einkareksturs og opinbers reksturs. Það er víðar en á Íslandi sem



Guðjón kaupfélagsstjóri og Kristján formaður Verkalýðsfélagsins rýna í fundargerðir frá stofnun félagsverslunar í Keflavík.

menn hafa misskilið frelsið og ekki kunn að með það að fara. Óþægilega margir hafa séð það sem frelsi til að hrifsa. Í kjölfar ofurfrelsis og brotlendinga sem því hefur fylgt hafa yfirvöld og almenningur í ýmsum löndum séð ný tækifæri fyrir samvinnuformið. Í Bandaríkjunum hafa yfirvöld brugðist við með því að setja strangar leikreglur á markaði til þess m.a. að tryggja virka samkeppni, styrkja eftirlitsstofnanir, koma í veg fyrir hringamyndanir og samráð á markaði. Við hér á Íslandi erum komin miklu styttra á þessari þróunarbraut og virðumst trúá því enn að algjört frelsi með óljósum og veikum leikreglum sé rétta leiðin.“

## Vald spillir

„Þegar einkavæðing og græðgisvæðing ganga úr hófi fram leita menn aftur í samvinnureksturinn. Það er farið að beita þessu félagsformi æ víðar í ýmsum greinum sem standa nærri fólkinu, t.d. í rekstri leikskóla, elliheimila, hjúkrunarheimila og víðar þar sem þetta form þykir henta. Það verður jarðvegur fyrir samvinnuhugsjónina áfram, ekki síst þar sem menn hafa gengið lengst í græðgisvæðingunni. Völd kjörinna fulltrúa hafa verið að dvína og völd auðjöfra og viðskiptablokka komið í þeirra stað.“

Sagt er að vald spilli og það er áreiðanlega rétt en vald sem verður til í skjóli ómældra auðæfa tiltölulega fárra einstaklinga getur að mínu mati ekki aðeins leitt af sér spillingu heldur beinlínis verið hættulegt lýðræðinu. Með ómældum auðæfum er hætta á að menn missi raunveruleikaskyn og að siðferðismörk færist til.

Vonandi þurfum við ekki að bíða svo lengi eftir betri og skýrari leikreglum að það verði í valdi fárra auðmanna hvort leikreglur verði settar. Mesta hættan stafar þó af eignarhaldi fyrirtækjasamsteypa og auðhringa á fjölmiðlum. Þar liggja tækifærin til að ráða skoðanamyndun í landinu. Þá er lýðræðinu hætta búin.

Á sl. ári voru liðin 160 ár frá því að fátakir vefarar í Rochdale í Englandi opnuðu fyrstu kaupfélagsverslunina í heiminum. Það er full ástæða nú í miðri græðgivæðingu að minnast starfa þessara frumherja og þess hugarfars sem að baki bjó. Þeir voru áreiðanlega ekki að velta fyrir sér að þeir væru að höndla með fjármuni án hirðis sem bráðvantaði eiganda að. Við sem höfum valist til þess að veita kaupfélaginu forystu, stjórn og starfsmenn, gerum okkur ljósa grein fyrir ábyrgð okkar. Við vitum að öll okkar verk eru umdeilanleg, öll skref í þessum rekstri eru áhættusöm, það er áhætta í fjárfestingunum og öllum þeim tilraunum sem við erum að gera. Það er líka mikil áhætta fólgin í því að aðhafast ekki og taka ekki þátt í þróuninni, uppfylla ekki kröfur tímans.“

„Mér sárnar það stundum þegar umræðan og fylgispektin við græðgivæðinguna ber hæst og allt snýst um fé án hirðis sem enginn beri ábyrð á. Stundum virðast menn vera búnir að setja samasemmerki á milli ábyrgðar og eigin ávinnings. Ekki sé lengur ætlast til þess að menn hafi ábyrgð, stolt og metnað nema fyrir sínar eigin eignir.“

## Afl í samtakamættinum

Mér finnst að menn hafi gleymt því að þessi þjóð barðist úr sárri fátækt til þess að verða í hópi ríkustu þjóða með samtakamætti en ekki græðgi. Samtakamætti bænda, verkamanna og sjómanna sem beittu samvinnu og félagslegu afli í stéttarbaráttu, verslun, framleiðslu og öðru sem sneri að almannahagsmunum samféluginu öllu til framdráttar. Árangur þessarar þjóðar náðist ekki með kapphlaupi manna við að skara eld að sinni eigin köku. Mér finnst í rauninni að nú sé brýnt að stöðva kapphlaup tiltölulega fárra aðila um að ná undir sín yfirráð þeim auði sem svo margir lögðu ævistarf sitt, svita og tár í að skapa.“

# FULLT HÚS MATAR

alltaf gott - alltaf ódýrt

netto 

allt í matinn á einum stað

Nettó Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd - Salahlverfi Kópavogi



*Hér á síðunni hefst kynning á þeim verslunum sem reknar eru undir merkjum Samkaupa hf. vítt og breitt um landið. Haft var að leiðarljósi við þessa kynningu að segja frá nafni og staðsetningu viðkomandi verslunar en jafnframt að birta það stórar og góðar myndir af starfsfólkinu að það væri ekki vandkvæðum bundið að bera kennsl á það. Jafnframt var lögð áhersla á að fram kæmu nöfn þeirra sem á myndunum væru. Sem slíkar verða þær því ómetanlegar heimildir þegar fram líða stundir.*



## Njarðvík

Krossmóa 4, 260 Njarðvík - Sími: 421-5404 Fax: 421-5498 - Verslunarstjóri: Friðrik Sigþórsson

Samkaup í Njarðvík var fyrsta stórmarkaðsverslun Kaupfélags Suðurnesja. Það vakti mikla athygli og eftirvæntingu þegar Guðni Magnússon, fyrsti formaður félagsins, tók fyrstu skóflustunguna þann 17. júlí árið 1981. Vinna við bygginguna hófst þann 5. september það ár og lauk verkinu sama dag og verslunin var opnuð. Af hálfu félagsins annaðist Kristján Hansson byggingarstjórn en byggingameist-

ari var Sveinn Ormsson. Byggingin er um 2300 fermetrar að stærð og er hún mjög stílhrein og sómir sér ákaflega vel á þeim byggingarreit sem æ síðan nefnist Samkaupssvæðið. Í versluninni eru matvöru- búsáhalda- og fatadeild. Þar hefur einnig lengst af verið starfrækt kjötvinnslan Kjötsel. Hluti af skrifstofuhaldi Samkaupa hf. fer fram á efri hæð byggingarinnar.



Efri röð frá vinstri: Friðrik Sigþórsson verslunarstjóri, Hilmir Chadwick Guðmundsson, Ásthildur Eiríksdóttir, Guðbjörg Gísladóttir, Rósmarý K. Sigurðardóttir, Margrét Óskarsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Dýrleif Rúnardóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Eðvarð Atli Bjarnason, Ágústína Albertsdóttir og Bragi Páll Sigurðsson. Neðri röð frá vinstri: Páll Ágúst Gíslason, Guðrún María Helgadóttir, Harpa Björvinsdóttir, Helga Þ. Guðmundsdóttir og Sigríður Gísladóttir.

## Annáll



### Upphaf samvinnurekstrar á Suðurnesjum

Samvinnurekstur á rætur sínar að rekja til þess atburðar er gerðist í bænum Rochdale í Englandi fyrir 160 árum þegar hópur fátækra vefara opnaði kaupfélagsverslun. Úr þessu varð mikil hreyfing sem barst víða um lönd og var fyrsta kaupfélagið stofnað hér á landi í Þingeyjarsýslu árið 1882. Víða um land voru stofnuð pöntunarfélög sem urðu svo undanfarar kaupfélaga. Þann 30. september 1935 stofnaði Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur pöntunarfélag sem hlaut nafnið Pöntunarfélag VSKF. Þá var einnig starfandi samskonar pöntunarfélag í Sandgerði og þegar Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis (KRON) var stofnað 1937 þá gengu bæði þessi pöntunarfélög til liðs við KRON. Þann 9. nóvember þetta ár opnaði KRON sölubúð að Aðalgötu 10 í Keflavík. Þann 1. mars árið 1942 fluttist svo starfsemin í myndarlegt eigið verslunarhús að Hafnargötu 30. Efnið í þá byggingu kom úr skíðaskála sem KRON átti og var tekinn í sundur og fluttur til Keflavíkur. Sandgerðisdeild KRON var í samfloti með aðalfélaginu til ársins 1947 en þá var stofnað nýtt kaupfélag, Kaupfélagið Ingólfur, og starfaði það til ársins 1977 en þá sameinaðist það Kaupfélagi Suðurnesja.

**Rífandi  
tilboð  
hvern  
einasta  
dag!**



*- örugglega ódýrt!*



Samkaup

strax

Keflavík

Hringbraut 55 - 230 Keflavík - Sími: 421-5408 - Fax: 421-5208 - Verslunarstjóri: Fanney Friðriksdóttir



Frá vinstri: Fanney Friðriksdóttir, Erla Guðjónsdóttir, Ruth Kristjánsdóttir, Svanhildur Guðmundsdóttir, Svanfríður G. Gísladóttir, Anna Olsen, Linda Gunnarsdóttir.



Keflavík

Iðavöllum 14 B - 230 Keflavík - Sími: 421-5407 - Fax: 421-5426 - Verslunarstjóri: Anton M. Ólafsson



Talið frá vinstri: Þórunn Aradóttir, Björn Björnsson, Erla Valgeirsdóttir, Alda Ladarat, Ingibjörg Hrönn Ingólfssdóttir og Anton Már Ólafsson.

## A nnáll



### 1945

Samþykkt var gerð á aðalfundi Keflavíkurdeildar KRON þann 14. apríl að leita eftir heimild hjá stjórn og aðalfundi KRON um að deildin skildi sig frá KRON og myndaði sjálfstætt kaupfélag. Á aðalfundi KRON sem haldinn var 29. apríl var veitt heimild til slitanna en þó með því skilyrði að meirihluti deildarmanna væri því samþykktur. Eftir að fengið hafði verið skriflegt samþykki meirihluta félagsmanna var aðskilnaðurinn endanlega samþykktur á fulltrúafundi KRON 31. júlí. Samkvæmt samþykkt aðalfundar KRON skyldi stofsjóðseign þeirra félagsmanna KRON sem gerðurst stofnendur KSK flytjast til hins nýja félags og sömuleiðis hluti af varasjóði KRON. Jafnframt var samþykkt heimild til að selja KSK eignir KRON í Keflavík en það var hugmynd heimanna að varasjóðseignin yrði m.a. notuð til þeirra kaupa.







# Við erum í nágreininu

- af því að þig vantar alltaf eitthvað strax

**Samkaup** strax

Gríptu í gott



Samkaup

strax

## Garði

Gerðavegi 1 - 250 Garði - Sími: 422-7122 - Fax: 422-7948 - Verslunarstjóri: Kristjana Pálína Kristjánsdóttir



Frá vinstri: Kristjana Pálína Kristjánsdóttir og Kristjana Björg Vilhjálmsdóttir.

Samkaup

strax

## Sandgerði

Miðnestorgi 1 - 245 Sandgerði - Sími: 423-7410 - Fax: 423-7456 - Verslunarstjóri: Unnur Óskarsdóttir

Eins og fram kemur í annálnum í blaðinu þá starfaði Kaupfélagið Ingólfur í Sandgerði á árunum 1947-1977 en þá sameinaðist það Kaupfélagi Suðurnesja. Kaupfélagsverslun á sér því langa sögu þar í bæ. Núverandi húsnæði er staðsett í hjarta bæjarins og var það tekið í notkun árið 2001. Óhætt er að segja að það hafi haft í

för með sér verulegar breytingar fyrir heimaverslun Sandgerðinga. Aðstaða fyrir starfsfólk og viðskiptavinum er til fyrirmyndar, vöruúrval var aukið til muna og viðskiptavinir geta nú m.a. fengið nýbökðuð brauð og bakkelsi alla daga í bakaríi verslunarinnar.



Frá vinstri: Unnur Óskarsdóttir, verslunarstjóri, Svanhvít Jóhannsdóttir, Margrét Karlsdóttir og Hjördis Skúladóttir.

## Annáll



Guðni Magnússon



Hallgrímur Th. Björnsson



Ragnar Guðleifsson



Guðni Guðleifsson



Björn Hallgrímsson



Björn Pétursson

Þann 13. ágúst var svo haldinn stofnfundur hins nýja kaupfélags og hlaut það nafnið Kaupfélag Suðurnesja (KSK). Fyrstu stjórnina skipuðu þeir Guðni Magnússon formaður, Hallgrímur Th. Björnsson ritari, Ragnar Guðleifsson varaformaður, Guðni Guðleifsson og Björn Hallgrímsson meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri var ráðinn Björn Pétursson.

### 1946

Tekið á leigu verslunarhúsnæði að Hafnargötu 62 og þar opnuð



# Annáll

verslun með nýlenduvörur og mjólkurvörur og einnig brauðbúð. Einnig var þetta ár opnuð verslun í húsi Ol. Olsen í Ytri-Njarðvík en hún var reyndar aðeins rekin fram á árið 1950.

## 1947

Grindavíkurdeild KRON sameinast KSK. Opnað útibú í Grindavík.



Gunnar Sveinsson

## 1949

Kaupfélagstjórskipti í fyrsta sinn. Gunnar Sveinsson tekur við af Birni Péturssyni.



# Grindavík

Víkurbraut 60, 240 Grindavík Sími: 426-8065 Fax: 426-8701 Verslunarstjóri: Sólveig Óladóttir



Sólveig Óladóttir, Hanna Agnarsdóttir, Telma Ýr Sigurðardóttir, Svanhildur Þorgeirsdóttir, Sigríður Loftsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir.

Maturinn er í úrvali

Samkaup úrval

Með góða kostinn





## Samkaup úrval Hafnarfirði

Miðvangi 41, 220 Hafnarfirði - Sími: 555-0292 - Fax: 565-2510 - Verslunarstjóri: Sigrún Guðmundsdóttir



Aftari röð frá vinstri: Hulda Garðarsdóttir, Heiðbrá Kristjánsdóttir, Hallbjörn Bergmann, Sigrún Jónsdóttir, Lilja Karlsdóttir, Helga Stefánsdóttir og Freyr Bjartmarz. Fremri röð frá vinstri: Sigurborg Helgadóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Valdís Sigurðardóttir, Þórlaug Arnardóttir, Málfríður Arnórsdóttir, Eygló Karlsdóttir og Sigrún Anna Guðmundsdóttir verslunarstjóri.

## Samkaup strax Kópavogi

Hófgerði 30, 200 Kópavogi - Sími: 564-1444 - Fax: 564-4415 - Verslunarstjóri: Sigrún Þrastardóttir



Guðný Björk Einarsdóttir til vinstri, Sigrún Þrastardóttir verslunarstjóri í miðju og Anna Bára Kristjánsdóttir til hægri.

## A nnáll



### 1950

Njarðvíkurdeild KSK lögð niður og skiptist félagið eftir það í þrjár deildir, þ.e. tvær deildir í Keflavík-Njarðvík og ein í Grindavík. Rekstrarafgangur í fyrsta sinn hjá félaginu. Félagsmenn orðnir 867 talsins.



### 1952

Opnað bakarí að Tjarnargötu 25 og var það rekið um tíu ára skeið. Bakameistari var Albert Þorkelsson. Búð Vatnsness h.f. við Vatnsnesveg tekin á leigu og þar verslað með byggingarefni og veiðarfæri. Fyrsta jólatrés-skemmtunin haldin fyrir börn félagsmanna og gesti. Verslunin í Grindavík stækkuð og endurbætt.



### 1953

Opnuð sölubúð með mjólk að Hringbraut 93

### 1954

Verslunarhúsnæði keypt í stórhýsinu að Faxabraut 27. Fyrsta

# A nnáll



sumarnámskeiðið haldið fyrir félagskonur.

## 1955

Aðalbúðin við Hringbraut 96 keypt og mjólkursala flutt þangað. Kaupfélagið kaupir Hraðfrystihús Keflavíkur hf. sem var svo rekið sem sjálfstætt félag í tengslum við kaupfélagið. Benedikt Jónsson ráðinn framkvæmdastjóri. Boðið upp á húsmaðraorlof í Bifröst í fyrsta sinn.

## 1956

Hringbraut 55 opnuð sem fyrsta kjörbúð á Suðurnesjum.



Benedikt Jónsson framkvæmdastjóri HK.



Ívar Magnússon verkstjóri.



# Kópavogi

Salavegi 2, 201 Kópavogi - Sími: 520-9600 - Fax: 520-9601 - Verslunarstjóri: Guðmundur Guðmundsson



Guðmundur Þór Guðmundsson verslunarstjóri, Fanney Pálsdóttir, Birgir J. Hansen, Kristín Ósk Guðjónsdóttir, Tinna Rut Róbertsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Birna Rebekka Björnsdóttir, Harry Freyr Guðmundsson, Heiðís Karlsdóttir og Guðfinna Erla Jörundsdóttir.



# Reykjavík

Stigahlíð 45-47 - 105 Reykjavík - Sími: 553-1077 - Fax: 553-5645 - Verslunarstjóri: Valdimar Guðmundsson



Frá vinstri: Eyrún Sigurjónsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Halldóra Helga Valdimarsdóttir, Hildur Eyþórsdóttir, Íris Sigurbjörnsdóttir, Charlotta Marteinsdóttir, Jóhanna Rafnsdóttir, Andri Ólafsson, Sigrún Bjarnadóttir, Anna Margrét Eðvaldsdóttir og Berglind Garðarsdóttir.





# Reykjavík

Nettó í Mjódd Reykjavík - Sími: 510-3400 - Fax: 510-3409 - Verslunarstjóri: Þröstur Karlsson



Séð frá vinstri: Þröstur Karlsson verslunarstjóri, Sólrún Pálína Pálsdóttir, Guðrún Hauksdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Halldóra Guðmundsdóttir, Patrik Thor Reynisson aðstoðarverslunarstjóri, Daníel Þorláksson, Páll Einarsson, Teuta Veselaj, Vlora Veselaj, Sabit Veselaj, Vilma Mar, Vilborg Anna Einarsdóttir, Kjartan Sveinsson, Hlynur Árnason, Marteinn Már Hafsteinsson og Eygló Halla Ingvarsdóttir.



# Reykjavík

Vesturbergi 76, 109 Reykjavík - Sími: 557-2800 - Fax: 557-2813 - Verslunarstjóri: Ingibjörn T. Hafsteinsson



Frá vinstri: Karlotta Helgadóttir, Olga Ákadóttir, Þórunn María Pálmadóttir, Hjalti Geir Pétursson, Anna Njálsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Svanhildur Jóhannesdóttir, Sigrún Þorleifsdóttir og Ingibjörn Hafsteinsson.

## Annáll



Gunnar Árnason

### 1958

Kaupfélag Suðurnesja tekur al-farið við slátrun í Grindavík.

### 1960

Kaupfélagið kaupir vörulager Verslunarfélags Grindavíkur sem þá hætti að versla. Félagsmenn eru nú 922 alls.

### 1961

Kaupfélagið Bjarmi í Njarðvík sameinast Kaupfélagi Suðurnesja þann 17. júlí og tók KSK við rekstri verslunar félagsins við Grundarveg. Forsaga Bjarma er sú að árið 1957 var Pöntunarfélagið Njörður stofnað og var því síðan breytt í Kaupfélagið Bjarma. Byggði félagið myndarlegt verslunarhúsnæði og opnaði verslun þar sem nú er Njarðvíkur-útibú Sparisjóðsins í Keflavík.

### 1964

Samvinnubankinn hóf starfsemi sína 12. maí á skrifstofu kaupfélagsstjóra á Faxabraut 27 og flutti síðan 1965 að Hafnargötu 62

### 1965

Kjörbúð opnuð í Grindavík. Rekstri bakarís í Keflavík hætt. Stofnaður Menningarsjóður Kaupfélags Suðurnesja. Teppa- og búshaldabúð opnuð á Hafnargötu 57. Flytur síðan að Hafnargötu 62 árið 1967. Skrifstofa félagsins flytur í nýbyggingu að Hafnargötu 62. Stórbruni varð í Hraðfrystihúsi

# Annáll



Keflavíkur. Mikið tjón varð á eignum fyrirtækisins og rekstur stöðvaðist talsverðan tíma.

## 1966

Opnuð verslun að Faxabraut 27 og rekin þar til ársins 2003. Birgðastöð SÍS (vöruhús) tekur til starfa og Kaupfélag Suðurnesja tekur upp viðskipti við Birgðastöðina.

## 1970

Afsláttarkort gefin út til félagsmanna í fyrsta sinn. Félagsmenn eru nú orðnir 1053 talsins. Hraðfrystihús Keflavíkur kaupir eignir Atlantors.



## 1971

Járn og Skip flytja frá Vatnsnes-torgi á Víkurbrautina. Þar fékk verslunin athafnasvæði upp á 8000 fermetra. Tekin upp sú nýbreytni að kjósa fulltrúa starfsmanna í stjórn félagsins.



**Samkaup** strax

# Akranesi

Garðagrund 1 - 300 Akranesi - Sími: 431-4030 - Fax: 431-4031 - Verslunarstjóri: Jóhanna Gylfadóttir



Frá vinstri: Jóhanna Gylfadóttir, Helena Rúnarsdóttir, Anna Eiríksdóttir, Elísabeth Ingimarsdóttir, Marella Steinsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Úrsúla Guðmundsdóttir, Heiðrún Hannesdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Jón Ingi Beinteinsson.

**netto**

# Akranesi

Kalmansvöllum 1 - 300 Akranesi - Sími: 431-5022 - Fax: 431-5023 - Verslunarstjóri: Haukur Þ. Sigurbjörnsson



Efri röð frá vinstri: Elis V. Ingibergsson, Baldur H. Björnsson, Kristbjörg María Bjarnadóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Linda Guðnadóttir, Ingólfur Pétursson, Sandra Brá Guðnadóttir. Neðri röð frá vinstri : Anna Valdís Kristmundsdóttir, Sylvía Hera Skúladóttir, Haukur Þór Sigurbjörnsson, Ásdís Ósk Elfarsdóttir, Guðfinnur Gústafsson og Geirlaug Jóna Rafnsdóttir.





# Borgarnesi

Hyrnutorgi 310 Borgarnesi - Sími: 430 – 5550 - Verslunarstjóri: Halla Hafbergsdóttir



Efri röð f.h.: Georg Hermannsson, Ingibjörg Gestsdóttir, Arnór Einarsson, Ragnar Gunnarsson, Sigurður Ólafsson, Ívar Erlendsson, Erlendur Samúelsson, Guðmundur Arason, Jóhann Pálsson. Neðri röð: Drífa Þorkellsdóttir, Krístrún Steinarisdóttir, Þóra Þorgeirsdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Þórunn Bergþórsdóttir, Katrín Lárusdóttir, Ragnheiður Þorgeirsdóttir, Fanney Heiðarsdóttir, Brynhildur Einarsdóttir, Guðrún Möller. Minni mynd: Efri röð frá hægri Sigurður Jónsson, Hemundur Heiðars-son, Adólf Hannesson. Neðri röð frá hægri: Þóra Sigríður Einarsdóttir, Sjöfn Hilmarsdóttir, Björk Jóelsdóttir, Ingibjörg Þorsteinsdóttir.



## Samkaup úrval Borgarnesi

Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnesi - Sími: 430 – 5530 - Verslunarstjóri: Soffía Reynisdóttir



Aftari röð frá vinstri: Þiðrik Örn Viðarsson, Maggý Sigurðardóttir, Soffía Reynisdóttir, Ásta Sigurðardóttir, Baldur Jónsson. Fremri röð frá vinstri: Silja Jónasdóttir, Helen Dögg Karlsdóttir, (Sara Lind Sigurðardóttir litla skottið), Ása Helga Halldórsdóttir, Elsa Friðriksdóttir, Guðbjörg Andrésdóttir og Heba Magnúsdóttir.

## Annáll



**1974**

Skuttogarinn Aðalvík KE 95 kom til landsins. Hraðfrystihús Keflavíkur lét smíða þennan 500 lesta skuttogara í Bilbao á Spáni.

**1975**

Verslunin á Hringbraut 55 stækkuð verulega og fær nafnið Sparkaup.

**1976**

Félagið tekur við eignum og rekstri Kaupfélagi Ingólfs í Sandgerði.



Magnea Jensdóttir og Skúli Vigfússon í sveiflu.

# Annáll



1978

Hafin var útgáfa Kaupfélags-  
laðsins.



Ólafur  
Gunnlaugsson  
Sandgerði

Samkaup

strax

## Bifröst

Bifröst Sími: 435-0122 Fax: 435-0122 Verslunarstjóri: Svanfríður Linda Jónasdóttir

Þessi verslun er sérstök að því leyti að hún er staðsett í Viðskiptaháskólanum á Bifröst í Borgarfirði og þjónar þar 7-800 manns á skólatíma. Þar starfar aðeins einn starfsmaður og er því í mörgu að snúast. Á sumrin fækkar viðskiptavin-

um á staðnum þó reyndar sé í gangi sumarskóli en þá koma í staðinn viðskipti við dvalargesti sumarbústaða sem eru fjölmargir á svæðinu eins og kunnugt er.

## Samkaup og Kaupfélag Héraðsbúa

Hér að framan hafa verið tilgreindar þær verslanir sem Samkaup hf. rekur. En þar með er ekki allt upp talið. Samkaup hf. og Kaupfélag Héraðsbúa hafa með sér viðskiptasamning um verslunarkeðju eða svokallaðan sérleyfissamning þannig að ýmsar verslanir KHB bera nöfn Samkaupsverslana og hafa öll þeirra einkenni. Reksturinn er þó allur í höndum KHB.

### Verslun

Samkaup úrval - Egilsstöðum  
Samkaup strax - Seyðisfirði  
Kaskó - Reyðarfirði  
Samkaup úrval - Neskaupsstað  
Samkaup strax - Fáskrúðsfirði  
Samkaup strax - Eskifirði  
Samkaup strax - Djúpavogi

### Verslunarstjóri

Helga Jóhannsdóttir  
Hildigunnur Hilmarisdóttir  
Rúnar Hartmannsson  
Elín Hildur Sveinsdóttir  
Hjörtur Kristmundsson  
Þórey Mjöll Óladóttir  
Ingibjörg H. Stefánsdóttir

### Sími

470-1213  
472-1200  
474-1201  
477-1185  
475-1580  
476-1580  
478-8888



Við vöndum vöruvalið  
- af því að þig vantar alltaf eitthvað strax

Samkaup

strax

Gríptu í gott



Samkaup

strax

Snæfellsnesi

Nesvegi 1, 350 Grundarfirði Sími: 438-6979 Fax: 438-6979 Verslunarstjóri: Gunnar R. Hjartarsson



Frá vinstri: Tómas Logi Hallgrímsson, Svanhvít Guðmundsdóttir, Jóna Lind Bjarnadóttir, Jófríður Friðgeirsdóttir. Neðri röð: Agnes Sif Eypórsdóttir og Ída María Ingadóttir

Samkaup

úrval

Ísafirði

Hafnarstræti 9 - 13, 400 Ísafirði Sími: 456-5460 Fax: 456-5466 Verslunarstjóri: Kristján Kristjánsson



Frá vinstri: Baldur Sigurlaugsson, Guðrún Jóhannsdóttir, Aðalbjörg Pálsdóttir, Vilhelmína Guðmundsdóttir, Kristín Guðnadóttir, Eyrún Steinunn, Gunnarsdóttir Ása Kristveig Þórðardóttir, Ingi-björg Jónsdóttir, Margrét Eyjólfsdóttir, Hildur María Helgadóttir, Elín Sveinsdóttir, Guðbjörg Einarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir, María Bjargey Davíðsdóttir og Kristján Þór Kristjánsson.

*A nnáll*



**1979**

Hraðfrystihús Keflavíkur kaupir togarann Júlíus Geirmundsson sem fékk nafnið Bergvík KE 22.

**1980**

KSK gerist þátttakandi með Sambandi Íslenskra Samvinnufélaga í að byggja og reka stórmarkað í Holtagörðum í Reykjavík. Lagði KSK fram 6% hlutfjár. Félagsmenn orðnir 2817 alls.



**1982**

Stórmarkaðurinn Samkaup opnaður í Njarðvík.

**1985**

Kaupfélagið fær fjölda áskorana frá íbúum Vatnsleysustrandarhrepps um að opna verslun í Vogum. Félagsdeild var stofnuð



## A nnáll

í Vatnsleysustrandahreppi með 79 félögum. Kaupfélagsverslun opnuð í framhaldinu en rekstri hennar hætt 1993. Á árinu 1985 varð mikil tilfærsla í matvöruverslun á Suðurnesjum. Alls hættu 6 kaupmenn rekstri 7 matvöruverslana á árinu, fjórir í Keflavík, einn í Sandgerði, einn í Njarðvík og einn í Vogum. Vöruverð á Suðurnesjum var nú orðið með því lægsta á landinu.

### 1986

Verðkönnun verðlagsstjóra sýnir að verðlag í matvöru á Suðurnesjum er orðið 0,8% lægra en á Reykjavíkursvæðinu.



### 1988

Guðjón Stefánsson tekur við starfi kaupfélagsstjóra af Gunnari Sveinssyni sem hafði þá verið um 40 ár í starfi. Opnuð verslun í Garðinum. Slátrun hætt í Grindavík eftir 30 ár og byggingavöruverslun félagsins þar seld.

### 1989

Lokið við byggingu nýs verslunarhúss í Grindavík. Verslun Kaupfélagsins er þá lögð niður tímabundið en kaupmenn á staðnum flytja sína verslun í húsnæði Kaupfélagsins. Verslun



## Samkaup úrval

Vitastíg 3, 415 Bolungarvík - Sími: 456-7000 - Fax: 456-7001 - Verslunarstjóri: Guðmundur Svanbergsson

Samkaup tók við verslun á staðnum þann 1. október 1999 og opnaði sparkaupsverslun.

Versluninni var síðann breitt í Samkaup-úrval í apríl á þessu ári.



Frá vinstri: Guðrún Jónína Jónsdóttir, Ragna Jóhanna Magnúsdóttir, Guðmundur Svanbergsson og Björg Kristjánsdóttir.

## Samkaup úrval

Bogabraut 1 - 545 Skagatrönd - Sími: 452-2702 - Fax: 452-2904 - Verslunarstjóri: Kolbrún Viggósdóttir



Frá vinstri talið: Dóra Sveinbjörnsdóttir, Kolbrún B. Viggósdóttir og Monika Jónasdóttir.



Samkaup

úrval

Blöndósi

Húnabrut 4 - 540 Blönduósi - Sími: 455-9020 - Fax: 455-9021 - Verslunarstjóri: Jón Albert Óskarsson



Talið frá vinstri: Hrefna Kristófersdóttir, Kolbrún Eva Bjarkadóttir, Valdís Finnbogadóttir, Sigurbjörg Auður Hauksdóttir, Jón Albert Óskarsson verslunarstjóri, Jakobína Halldórsdóttir, Guðbjörg Þorleifs-  
dóttir, Steinunn Anna Guðmundsdóttir og Magnús Rúnar Agnarsson.

## A nnáll

anir félagsins að Hafnargötu 30 lagðar niður eftir bruna og hús-  
næðið selt. Sömu leiðis er versl-  
unarhúsnæðið að Hafnargötu  
62 selt. Jólaskemmtanir lagðar  
af eftir 37 ár.

### 1990

Félagsmenn orðnir 3454. Starf-  
semi Hraðfrystihúss Keflavíkur  
hf. hætt.

### 1993

Verslun hættir í Vogum á Vatns-  
leysuströnd. Kaupfélagið kaupir  
stórverslun í Miðvangi 41 í  
Hafnarfirði og stofnuð er kaup-  
félagsdeild í Hafnarfirði.

STÆRSTA VÖRUVALIÐ  
Í LÁGVÖRUVERSLUN

netto

allt í matinn á einum stað

alltaf gott - alltaf ódýrt

Nettó Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd - Salahlverfi Kópavogi

# Annáll

1994

Lágvöruverðsbúð KASKÓ opnuð 7. jan. Keyptar innréttingar og búnaður í verslunarhúsnæði félagsins í Grindavík af kaupmönnum Staðarkjörs.



Sigurður Árni Sigurðsson í Búri ehf.

1995

Hátíðarár. Kaupfélag Suðurnesja hefur starfað í hálfu öld. Verslunarhúsnæði að lðavöllum 14B keypt. Búr ehf., innkaupafélag Kaupfélaga, Ólíufélagsins og Nóatúns, stofnað.



1996

Stórbruni varð þegar verslunin Járn og Skip brann til grunna. Húsnæðið var endurbyggt og verslunin í framhaldinu seld til Byko. Þann 5. desember opnaði Samkaupsverslun á Ísafirði. Verslunin vakti athygli fyrir að bjóða sama verðlag og á Stór-Reykjavíkursvæðinu.



Pétur Sigurðsson Ísafirði

**Samkaup** **úrval**

**Siglufirði**

Suðurgötu 2-4, 580 Siglufirði - Sími: 467-1583 Fax: 467-1987 - Verslunarstjóri: Leonardo Passaro



Frá vinstri: Milena Medic, Leonardo Passaro verslunarstjóri, Ólöf Hansdóttir, Auður Gunnarsdóttir, Kristín Geirsdóttir og Ólöf Ingimundardóttir.

**Samkaup** **úrval**

**Ólafsfirði**

Aðalgötu 2-4 - 625 Ólafsfirði - Sími: 466-2200 - Fax: 466-2688 - Verslunarstjóri: Þorsteinn Þorvaldsson



Frá vinstri: Þorsteinn Þorvaldsson verslunarstjóri, Stefán V. Ólafsson, Þórunna Guðmundsdóttir, Hulda Þiðrandadóttir, Sigríður Vilhjálmisdóttir, Kamilla Ragnarsdóttir, Hjördís Hjörleifsdóttir, Nína Ingimarsdóttir og Júlía Poulsen.



**Samkaup**

**úrval**

**Dalvík**

Hafnartorgi, 620 Dalvík - Sími: 466-3211 Fax: 466-3217 - Verslunarstjóri: Guðrún Rúdólfsdóttir



Frá vinstri: Lára Þórðardóttir, Þórhildur Þórisdóttir, Anna Heiða Sölvadóttir, Herdís Geirsdóttir, Anna Hafdís Jóhannesdóttir, Friðbjörg Jóhannsdóttir, Guðrún Erna Rúdólfsdóttir og Sólrún Inga Þórisdóttir.

**Samkaup**

**úrval**

**Akureyri**

Hrísalundi 5 - 600 Akureyri - Sími: 460-0389 - Fax: 460-0381 - Verslunarstjóri: Ellert Gunnsteinsson



Aftast: Ólafur Jónsson. Frá vinstri miðröð: Jón Vídalín Ólafsson, Óskar Óskarsson Birgir Örn Björgvinsson, Ellert Gunnsteinsson versl.stj. og Ari Hallgrímsson. Fremsta röð frá vinstri: Sigurveig Einarsdóttir, Helga Steingrímisdóttir, Erla Bjarnadóttir, Marija Milisic, Kolbrún Ingvadóttir, Borgildur Pálsdóttir og Berglind Birna Erlendsdóttir.

## Annáll



### 1998

Samþykkt á aðalfundi að stofna hlutafélagið Samkaup hf.. Samkaup tók þá yfir allan verslunarreksturinn en Kaupfélag Suðurnesja var áfram eigandi fasteigna.

### 1999

Kaupfélagið eignast allt húsnæði Samkaupa í Njarðvík með því að kaupa hluti meðeigenda. Gerður samstarfssamningur við Kaupfélag Héraðsbúa um verslunarrekstur á Austurlandi. Samningurinn felur í sér að verslanir KHB verða með útliti Samkaupsverslana og innkaup verða sameiginleg og einnig markaðsmál. Samkaup h.f. kaupir matvöruverslanir við Stigahlíð og við Vesturberg í Reykjavík og matvöruverslun í Bolungarvík.

### 2000

Félagsmenn orðnir 3414. Kaupfélag Suðurnesja fær „Súluna“, menningarverðlaun Reykjanæsbæjar þetta árið.

### 2001

Samkaup h.f., verslunaryfirtæki Kaupfélags Suðurnesja, og Matbær ehf., verslunaryfirtæki Kaupfélags Eyfirðinga, sameina rekstur sinn undir merkjum Samkaupa h.f. KEA (og síðar Kaldbakur h.f.) áttu félagið síðan með Kaupfélagi Suðurnesja og



# Annáll

félagsmönnum þess til ársins 2003 en þá keypti Kaupfélag Suðurnesja helmings hlut Kaldbaks í félaginu. Kaupfélagið byggir nýtt og glæsilegt hús í Sandgerði fyrir Samkaupsverslunina. Þá kaupir Kaupfélag Suðurnesja húsnæði Samkaupsverslunarinnar í Miðvangi í Hafnarfirði.

## 2003

Kaupfélagið kaupir verslunarhúsnæði á Flúðum og leigir undir Samkaupsverslun.



Guðsteinn Einarsson í Borgarnesi formaður SÍS.

## 2004

Þann 1. janúar hætti Kaupfélagið starfsemi Innlánsdeildar og var hún færð til Sparisjóðsins í Keflavík. Samkaup h.f. kaupir verslunina Hornið við Tryggvagötu 40 á Selfossi og tekur við rekstri hennar 26. febrúar. Verslunin fær nafnið Samkaup úrval. Samkaup h.f. selur kjötvinnsluna Kjötsetil til Borgarness en þá hafði vinnslan verið rekin á fimmta áratug. Sömmuleiðis selur Samkaup h.f. kostverslunina Valgarð á Akureyri. Kaupfélagið kaupir nýtt verslunarhúsnæði á Ísafirði sem hýsir Samkaupsverslunina þar. Kaupfélagið kaupir verslunarhúsnæði á Selfossi fyrir Samkaupsverslunina á staðnum. Kaupfélagið kaupir 35% í lyfja- versluninni Lyfju með Vátryggingafélagi Íslands, Fjárfestingafélagi Sparisjóðanna o.fl..

**Samkaup** strax

# Akureyri

Byggðavegi 98 -600 Akureyri - Sími: 460-0376 -Fax: 460-0379 - Verslunarstjóri: Margrét Guðmundsdóttir



Starfsfólk að Byggðavegi. Frá vinstri: Sigurlaug Hinriksdóttir, Finnur Ingi Erlendsson, Þóra Margrét Lúthersdóttir, Svana Karlsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir verslunarstjóri.

Ný verslun var opnuð föstudaginn 22.júlí s.l. undir merkjum Samkaup strax. Verslunin er staðsett á gatnamótum Borgarbrautar og Hlíðarbrautar á Akureyri. Verslunin verður opin allan sólarhringinn. Verslunarstjóri er Hallur Geir Heiðarsson en hann hefur verið

yfirmaður í Nettó Glerártorgi. Við opnunina færði Benedikt Kristjánsson rekstrarstjóri körfuknattleiksdeild kvenna hjá Þór styrk að upphæð kr. 250.000.-. ÓB bensínstöð á vegum Olís var opnuð samhliða opnun verslunarinnar. Sjá mynd á bls.7.

**netto**

# Akureyri

Glerártorgi - 600 Akureyri - Sími: 460-3210 - Fax: 460-3201 - Verslunarstjóri: Sigmundur Sigurðsson



Frá vinstri: Anna Pétursdóttir, Sudarat Kaewwichit, Ragnheiður Thelma Snorraddóttir, Aðalheiður Björk Ásgeirsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Grétar Jakob Björnsson, Kristín Margrét Sigurðardóttir, Dagbjört Jóhannesdóttir, Arnþór Ólafsson, Signý Sigurðardóttir, Guðlaugur Magnús Ingason, María Stefánsdóttir, Ragnheiður Ragnarsdóttir, Hallur Geir Heiðarsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Heiðar Karl Ólafsson.



Samkaup

úrval

# Húsavík

Garðarsbraut 64, 640 Húsavík - Sími: 464-1751 Fax: 464-1752 - Verslunarstjóri: Gísli Sigurðsson

Samkaup hf rekur tvær verslanir á Húsavík. Eru þær reknar undir nafni Kaskó annars vegar og Samkaup-úrval hins vegar.

Aðkoma Samkaupa að verslunarrekstri á Húsavík er í gegnum sameiningu við Matbæ ehf dótturfélag KEA sem rak hér verslanir frá því í maí 1999. Um áramótin 2001-2002 tók Samkaup endanlega við rekstrinum úr hendi Matbæjar. Í húsnæði því sem Kaskó er rekið í dag var áður aðalmatvöruverslun KÞ sem gekk undir nafninu Matbær um skeið. Þeirri verslun var síðan breytt í Straxverslun 1999.

Verslunin sem í dag heitir Samkaup úrval er búin að ganga í gegnum ýmsar breytingar frá því fyrst var farið að reka matvöruverslun í því húsnæði sem hún er staðsett í. Jón Þorgrímsson stofnaði verslunina Kjarabót og rak hana um nokkurra ára skeið, síðan var hún í eigu ýmissa aðila og þar á meðal Skipaafgreiðslu Húsavíkur, áður en hún komst í eigu KÞ og bar þá nafnið Þingey stórmarkaður. Segja má að verslunarsaga Húsavíkur sé um margt sérstök. Ber þar hæst sögu Kaupfélags Þingeyinga, fyrsta kaupfélag landsins.



Fremri röð frá vinstri: Hrönn Káradóttir, Guðrún Einarsdóttir, Jón Ingi Sveinbjörnsson, Sandra Kristinsdóttir, Jakobína Kristjánsdóttir, Aftari röð frá vinstri: Sigríður Birgisdóttir, Elín Jónasdóttir, Jakobína Guðmundsdóttir, Gunnar Illugi Sigurðsson, Laufey Marta Einarsdóttir, Salóme Sigurðardóttir, Kjartan Hauksson, Bjarni Þór Bjarnason, Sigrún Erlingsdóttir og Gísli Sigurðsson.

## A nnáll

### 2005

Samkaup h.f. kaupir rekstur dagvöruverslana Húnakaupa h.f. á Blönduósi og Skagaströnd. KB ehf, verslunarfélag Kaupfélags Borgfirðinga og Samkaup h.f. sameinast. Verslanir KB í Borgarnesi, Akranesi, Grundarfirði og Bifröst verða Samkaupsverslanir. Hyrnan í Borgarnesi kemur jafnframt inn í Samkaup h.f. Félagsmenn 3260 talsins.



Lyfja við Hringbraut í Keflavík



Jón Ólafur Jónsson  
skoðunarmaður  
KSK.



Steingrímur Lilliendahl  
skoðunarmaður  
KSK.

### Rekstrarstjórar Samkaupa



Benedikt Kristjánsson.



Gísli Gíslason.



Gunnar Egill Sigurðsson.



Stefán Guðjónsson.



Axel Aðalgeirsson og Guðrún Bergþórsdóttir, starfsmenn skrifstofunnar á Akureyri.



# Húsavík

Garðarsbraut 5 - 640 Húsavík - Sími: 464-1779 - Fax: 464-1773 - Verslunarstjóri: Brynja Pálsdóttir

## A nnáll

Formenn KSK



Guðni Magnússon  
1945 - 1950



Steindór Pétursson  
1950 - 1951



Hallgrímur Th. Björnsson  
1951 - 1970



Hermann Eiríksson  
1970 - 1974



Sigfús Kristjánsson  
1974 - 1985



Magnús Haraldsson  
1985 -



Aftari röð frá vinstri: Jakobína Kristjánsdóttir, Helga Jóna Traustadóttir, Sylvía Smáradóttir, Brynja Pálsdóttir, Olgeir H. Egilsson og Sigrún Erlingsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Gísli Árni Sigurðsson, Bjarni Þór Björgvinsson, Hrafnhildur Stella Sigurðardóttir, Ásgerður Heba Aðalsteinsdóttir og Íris Jónsdóttir.

Samkaup

strax

## Mývatnssveit

Reykjahlíð - 600 Mývatnssveit - Sími: 464-4466 - Fax: 464-4467 - Verslunarstjóri: Elín Steingrímsdóttir

Árið 2001 fór Samkaup að reka verslun í Mývatnssveit, það var byrjað í hinu gamla verslunarhúsnæði KÞ sem var byggt árið 1959 og var því fyrir löngu orðið allt of lítið. Í júní árið 2002 opnaði Samkaup í sameiningu við Olíufélagið Esso og Skútustaðahrepp nýtt verslunarhúsnæði og er það töluvert stærra en hið gamla. Olíufélagið Esso rekur þar bensínsjálfr

sala og til ársins 2005 var líka í húsinu rekin upplýsingamiðstöð.

Sérstaða verslunarinnar er staðsetningin sem er í einni mestu náttúruparadís landsins. Þar er mikill straumur ferðamanna og eru þeir því langstærsti viðskiptamannahópurinn. Ekki má þó gleyma heimamönnum sem halda tryggð við sína verslun.



Frá vinstri: Steingrímur Jóhannesson, Stefanía Stefánsdóttir, Elín Steingrímsdóttir verslunarstjóri og Kristín Arnfríður Sigurðardóttir.



**Samkaup**

**strax**

**Flúðum**

Flúðum - Sími: 486-6633 - Fax: 486-6583 - Verslunarstjóri: Agnes Böðvarsdóttir



Frá vinstri: Agnes Böðvarsdóttir verslunarstjóri, Margrét Harðardóttir og Halldóra Kristín Andrésdóttir.

**Samkaup**

**úrval**

**Selfossi**

Tryggvagötu 40 - 800 Selfossi - Sími: 482-2100 - Fax: 482-3106 - Verslunarstjóri: Árni Benediktsson



Frá vinstri: Marie Harðardóttir, Katrín Helgadóttir, Lilja Eiríksdóttir, Árni Benediktsson, Ellen Lúðvíksdóttir og Jósep Gunnarsson.

***A nnáll***

**Kaupfélagsstjórar**



Björn Pétursson  
1945 - 1949



Gunnar Sveinsson  
1949 - 1988



Guðjón Stefánsson  
1988 -



Stjórn og kaupfélagsstjóri 1950. Standandi frá vinstri: Gunnar Sveinsson, Björn Hallgrímsson, Ásgeir Daníelsson. Sitjandi frá vinstri: Kristinn Jónsson, Steindór Pétursson og Ragnar Guðleifsson.

Kaupfélag Suðurnesja 60 ára:

# Félagsmenn þátttakendur í einu stærsta fyrirtæki landsins

## Stofnun kaupfélagsins

„Aðdragandann að stofnun kaupfélagsins má rekja til Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur sem var stofnað 1933. Tveimur árum síðar stofnaði VSFK pöntunarfélag sem starfrækt var með góðum árangri til 1937 en þá sameinuðust pöntunarfélögin í Hafnarfiði og á Suðurnesjum sem deildir innan KRON. Fyrsti framkvæmdastjóri og aðalhvatamaður að stofnun félagsins var Ragnar Guðleifsson. KRON opnaði síðan búð að Aðalgötu 10 og lækkaði mikið vöruverð á Suðurnesjum. Ég var kostgangari hjá Eyjólfí Ásberg kaupmanni fyrst eftir að ég kom hingað til Suðurnesja og sagði hann mér að það hefði

Kaupfélag Suðurnesja er 60 ára á þessu ári en saga samvinnuverslunar á Suðurnesjum er ennþá lengri. Upphaf félagsverslunar á Rosmhvalanesi hófst 1880 með stofnun Pöntunarfélags Suðurnesja. Síðan voru gerðar ýmsar tilraunir til félagsverslunar, en þar ber hæst og hafði varanlegust áhrif þegar Verkalýðs og sjómannafélag Keflavíkur stofnaði pöntunarfélag á fjórða áratugnum sem síðar leiddi til stofnunar kaupfélagsins. Pöntunarfélög voru á þessum sama tíma starfrækt á öðrum stöðum hér á Suðurnesjum. Öll er þessi saga hin merkasta og við báðum Gunnar Sveinsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóra, sem þekkir hana manna best að rekja hana í megindráttum fyrir lesendur Faxes.

verið mikið áfall fyrir þá þegar KRON setti upp sína búð. 1941 voru félagar í deildinni 156 talsins. Með aukinni veltu þurfti stærri búð og drifið var í því að byggja nýja búð að Hafnargötu 30. Hún var opnuð 21 mars 1942 og var þá ein

glæsilegasta verslun landsins.

Aðalfundur Keflavíkurdeildar KRON samþykkti þann 14. apríl 1945 að óska eftir því við KRON að stofna sérfélag. Þetta var samþykkt á aðalfundi KRON og félagatalan var þá orðin 363.

Stofnfundur hins nýja félags var haldinn 13. ágúst 1945 og það fékk nafnið Kaupfélag Suðurnesja Keflavík. Formaður var kosinn Guðni Magnússon en aðrir í stjórn voru Ragnar Guðleifsson, Hallgrímur Th. Björnsson, Björn Hallgrímsson og Guðni Guðleifsson. Stjórnin samþykkti á fyrsta fundi sínum að ráða Björn Pétursson sem kaupfélagstjóra frá 1. júlí en hann hafði verið deildarstjóri hjá KRON frá 1943. Að beiðni Njarðvíkinga var fljótlega opnað útibú í Njarðvík. Útibú var einnig opnað í Grindavík og KRON deildin þar yfirtekin.“

## Mjólkursalan erfiðust

„Tap var á rekstri félagsins næstu árin og mun það hafa



verið ein orsök þess að auglýst var eftir kaupfélagstjóra. Ég var ráðinn til þess starfa frá áramótum 1948. Ástæðan fyrir taprekstrinum var mikil rýrnun sem var talin stafa af mjólkursölunni. Aðkoma að félaginu var því ekki glæsileg og tap var á því 1949. Næsta ár snerist dæmið við og upp frá því fór félagið að skila hagnaði. Menn urðu bjartsýnni og í rauninni ótrúlegt hvað hægt var að gera. Umhverfið í verslun var að sjálfsögðu mjög ólíkt því sem nú gerist. Verðlagsákvæði voru ströng og álagning á vörur mjög lág. Mjólkursalan var erfiðust viðfangs en mæla þurfti alla mjólk upp úr 50 lítra brúsum í alls konar ílát, brúsa og flöskur og sölu-launin ekki nema 5%. Afgreiðslufólk sem stóð í þessu daglega var ekki öfundsvert af þeim starfa að fá 50 lítra úr hverjum brúsa meðan kaupfélagstjórinn eða deildarstjórinn stóðu yfir þeim með steyttan hnefa og viðskiptavinurinn heimtaði meira í brúsann. En þetta tókst, rýrnunin minnkaði og félagið skilaði hagnaði.

Á þessum tíma stóðu yfir miklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og var mikið flutt þangað af sementi. Við sáum um uppskipun á sementinu samkvæmt útboði og þetta hjálpaði rekstrinum. Á þessum tíma voru kjörbúðir að ryðja sér til rúms og því sjálfsagt að byggja kjörbúð að sænskri fyrirmynd. Hún var tekin í notkun 13. september 1956.“

## Stækkað í Grindavík

„Árið 1961 varð nýstofnaða Kaupfélagið Bjarmi í Njarðvík að hætta rekstri og sameinaðist Kaupfélagi Suðurnesja sama ár. Tveimur árum síðar var ákveðið að ráðast í byggingu tveggja hæða verslunarhúss að Hafnargötu 62 í samvinnu við Samvinnubankann sem innréttaði þar útibú og flutti starfsemi sína frá Faxabraut 27. Þar var bankinn stofnaður á skrifstofu kaupfélagsins. Haustið 1965 fögnuð-

um við 20 ára afmæli félagsins. Opnuð var ný og stækkuð búð félagsins í Grindavík. Á þessum tíma voru starfsmenn félagsins 50 talsins og félagsmenn 827 í fjórum deildum. Þegar ég horfi um öxl finnst mér félagsleg starfsemi ein-kenna þetta fyrsta 20 ára tímabil umfram önnur. Á dag-skránni voru saumanámskeið fyrir félagskonur, sérstaklega á skömmunartímanum. Jólátrésskemmtanir voru haldnar hvert ár með mikilli þátttöku auk námskeiða fyrir starfsfólk og ferðalaga með félagskonur og námskeið á Bifröst á hverju ári. Veglegar árshátíðir voru einnig haldnar með Hafnfirðingum.“

## „Stóra Milljón“ keypt

„Stærsta framkvæmd tímabilsins voru kaupin á Hraðfrystihúsi Keflavíkur h.f. „Stóru Milljón“ 1955. Stjórinn kaupfélagsins hafði lengi haft áhuga á að gerast virkur þátttakandi í fiskvinnslu og sjávarútvegi eins og kaupfélögin úti á landsbyggðinni. Þegar Stóra Milljón var boðin til sölu var ákveðið að kaupa húsið en engir peningar voru til. Við fórum af stað og ræddum við Erlend Einarsson forstjóra SÍs. Erlendur var vinsamlegur eins og ávallt en engir peningar voru til. Benjamín Eiríksson og Framkvæmdabankinn var næstur á dagskrá. Við fengum vingjarnlegar móttökur en lán af þessu tagi var ekki á verksviði bankans. Fiskveiðisjóður sagði strax þvert nei. Landsbankinn var viðskiptabanki Hraðfrystihússins með Vilhjálmi Þór sem bankastjóra. Hann vildi ekkert gera en lagði þó til að við greiddum 300 þúsund krónur inn á reikning Hraðfrystihússins og Kaupfélagið ábyrgðist skuldir þess að hluta. Að uppfylltum þessum skilyrðum fengi Hraðfrystihúsið viðskipti við bankann.

Hallgrímur Th. Björnsson og Ragnar Guðleifsson fóru með mér í þessar lánastofnanir og þáðu enga greiðslu fyrir. Útlit-



**Stjórinn KSK 1979 ásamt kaupfélagsstjóra og framkvæmdastjóra Hraðfrystihúss Keflavíkur: Talið frá vinstri: Ólafur Guðmundsson, Sigurður Brynjólfsson, Jón V.Einarsson, Gunnar Sveinsson, Kristinn Björnsson, Sigfús Kristjánsson, Benedikt Jónsson, Svavar Árnason.**

id var ekki glæsilegt eftir þessar viðtökur. Eysteinn Jónsson var á þessum tíma fjármálaráðherra og til hans hafði ég oft leitað þegar ég var kaupfélagsstjóri á Djúpavogi. Ég fór því til Eysteins og ræddi málið við hann. Hann tók mér vel og niðurstaðan varð sú að hann útvegaði okkur 300 þúsund króna lán svo við gætum greitt Landsbankanum. Þetta voru gleðitíðindi og við héldum strax fund í stjórninni og samþykktum að halda fulltrúafund um málið í Tjarnarlundi. Þar mættu einir 70 félagar og þar var málið samþykkt með einu mótaskvæði. Framkvæmdastjóri var ráðinn Benedikt Jónsson og var hann framkvæmdastjóri í 27 ár. Benedikt stóð sig mjög vel oft við erfiðar aðstæður og samstarf okkar var gott öll árin sem hann var framkvæmdastjóri.

Rekstur hússins verður ekki rakinn hér en hann var mjög umfangsmikill á tímabili og gekk vel í um 20 ára skeið. Þá fór að halla undan fæti vegna erfiðleika í sjávarútvegi almennt. Sambandið kom inn í rekstur félagsins og síðan Keflavíkurbær árið 1987. Skipt var á togurum hússins Aðalvík og Bergvík við Fiskiðju Sauð-

árkróks og fengið frystiskip í staðinn sem hélt nafninu Aðalvík, en það var síðan selt ásamt húsinu til Útgerðarfélags Akureyrar. Hraðfrystihús Keflavíkur hafði mikla þýðingu fyrir atvinnulíf Keflavíkur. Þar störfuðu oft á annað hundrað manns að útgerð og fiskvinnslu sem setti mikinn svip á bæinn. Ég var ekki samþykktur því að selja Aðalvíkina - hafði trú á því að upp myndi birta um síðir. Betra væri að þrauka áfram og taka því að fara í gjaldþrot ef ekki tækist að bjarga félaginu.“

## Nýr stórmarkaður í Njarðvík

„Næsta 20 ára tímabil í sögu Kaupfélagsins var líka viðburðarríkt. Opnuð var matvörubúð að Faxabraut 27 þar sem skrifstofan hafði verið og keypt hús Fiskiðjunnar við Víkurbraut og Járn og skip flutti þangað.

Verðbólgan var mikil á þessum tíma og söluaukning því mikil. Sem dæmi má nefna að salan jókst um 43% árið 1973. Kaupfélagið Ingólfur í Sandgerði óskaði eftir því að sameinast Kaupfélagi Suðurnesja 1975 og var það samþykkt. Hallgrímur Th. Björnsson lét af stjórnarsetu og formennsku

1971 eftir 26 ára sjórnarsetu og við tók Hermann Eiríksson, skólastjóri, en hann lést fyrir aldur fram 1974. Sigfús Kristjánsson tók þá við formennsku og gegndi henni næstu 11 árin.

Deild var stofnuð í Garðinum 1979 með 90 félagsmönnum. Beiðni kom frá Sambandinu um þátttöku í stórmarkaði kaupfélaganna og Sambandsins í Reykjavík og var samþykkt framlag að 6% hlut 1980. Af þessu tilefni komu í heimsókn stjórnarformaður, Valur Arnþórsson og forstjóri Sambandsins, Erlendur Einarsson og skoðuðu starfsemi Kaupfélagsins. Á sama tíma var unnið að undibúningi að stórmarkaði á auða svæðinu milli Keflavíkur og Njarðvíkur og Teiknistofu Sambandsins falin framkvæmd. Samþykki Njarðvíkur-bæjar fékkst fyrir lóðinni og var fyrsta skóflustungan að hinum nýja markaði tekin af Guðna Magnússyni, fyrsta formanni félagsins, þann 17. júlí 1981.

Aldarafmælis samvinnu-hreyfingarinnar var minnst 1982 og hátíðarfundur haldinn 20. febrúar. Þar var Guðni Guðleifsson, elsti starfsmaður félagsins, heiðraður og ný stórmarkaðurinn fékk nafnið Samkaup. Hann var opnaður með pompi og prakt þann 18. nóvember sama ár. Þakka ber Erlendi Einarssyni sérstaklega fyrir hans framlag. Mikligarður var síðan opnaður 1983 og voru miklar vonir bundnar við rekstur hans en því miður brugðust þær. Magnús Haraldsson var kosinn formaður félagsins 1985 í stað Sigfúsar Kristjánssonar. Ný félagsdeild var stofnuð í Vogum með 79 félagsmönnum. Starfsmenn voru nú 168 talsins og félagsmenn 3520 í sjö deildum.“

## Skin og skúrir

„Þessi 20 ára áfangi var ekki áfallalaus. Við misstum að mestu Stóru Miljón en unnum aftur á móti Samkaup. Reksturinn var nokkuð erfiður og það dró úr félagsstarfsemi.“



Samkaup Njarðvík 20 ára 18. nóvember 2002. Jóhanna Hallgrímsdóttir starfsmaður sker afmælistertuna.



Hörður Zophoníasson forystumaður í Hafnarfirði.

Arðsúthlutun til félagsmanna með afsláttarkortum var þó nokkur, t.d. 1.3 milljónir árið 1983. Síðan var nokkuð gert af því að úthluta arði með því að færa vissa upphæð í stofnsjóð hvers einstaklings og hefur myndast nokkur sjóður með því. Annað sem ekki hefur verið minnst á eru styrkir til menningarstarfsemi sem alltaf hefur verið stór liður í starfsemi félagsins. Fyrsti styrkurinn var til Grindavíkurkirkju og síðan hefur þessi liður aukist verulega eftir að félagið myndaði Samkaup.

Áður en lengra er haldið vildi ég minnst nokkuð á aðra starfsemi Kaupfélagsins. Vil ég þar fyrst nefna sauðfjárslátrunina. Samið var við Hraðfrystihús Grindavíkur um að við tækjum að okkur slátrun og sölu kjöts sem þeir höfðu haft með höndum. Fjáreign var

nokkur í Grindavík. Sláturhúsið okkar í Grindavík varð mjög vinsælt. Í upphafi var slátrað um 2000 fjár en 1980 var um 11.300 og mest var slátrað 13 þúsund fjár víða að úr landnámi Ingólfs. Vinsældir hússins má rekja til vinsælda sláturhússtjórans, Gunnars Árnasonar, sem jafnframt var gjaldkeri kaupfélagsins. Verður honum seint þökk að afburða störf hans að þessum málum. Slátrunin hófst 1956 og lauk 1987 en þá fékkst ekki leyfi lengur til slátrunar.“

## Kjótvinnsla og bakarí

„Kjótvinnslan að Hafnargötu 30 var ekki merkileg í fyrstu og skilaði stöðugu tapi en það varð okkur til happs að fá Birgi Scheving til starfa. Viðsnúningur varð á starfsemiinni með komu hans og hún skilaði hagnaði á hverju ári. Við stækkuðum húsnæðið að Hafnargötu 30 og ætluðum henni síðar gott pláss þegar Samkaup var byggt. Hún stækkaði einnig ótrúlega fljótt og framleiddi ávallt mjög góða vöru enda var Birgir afburðamaður á sínu sviði.

Kaupfélagið rak bakarí um 10 ára skeið frá 1951 til 1961 að Tjarnargötu 25. Bakarameistari var Albert Þorkelsson, sem var mjög góður bakari, en aðstaðan var léleg og tap á rekstrinum. Tryggingadeild var einnig rekin um nokkurra ára skeið sem sjálfstæð deild innan félagsins með umboð fyrir

Samvinnutryggingar. Forstöðumenn voru meðal annarra Magnús Haraldsson, núverandi stjórnarformaður Kaupfélagsins, Þorsteinn Bjarnason og Vilhjálmur Þórhallsson lögfræðingur.“

## Kaupfélagsstjóraskipti

„Þann 2. febrúar 1988 var opnuð sölubúð í Garði í leiguhúsnæði. Kaupfélagstjóraskipti urðu á árinu 1988. Ég lét af störfum skv. ráðningarsamningi um haustið eftir tæplega 40 ára starf, þá 65 ára. En í staðinn var ráðinn Guðjón Stefánsson sem verið hafði skrifstofustjóri frá 1963 og síðar aðstoðarkaupfélagsjóri. Ómetanlegt var að hafa svo góðan mann til að taka við þessu starfi.

Eldur kom upp í Hafnargötu 30 og brann þetta elsta hús kaupfélagsins nokkuð mikið. Rætt var um að rífa húsið og gera þar torg en af því varð ekki og var húsið selt í því ástandi sem það var efti brunann. Nýbygging kaupfélagsins í Grindavík var fullgerð í byrjun nóvember 1989. Húsið er um 870 ferm. að stærð og allt leigt undir verslanir.

Útrás Kaupfélags Suðurnesja hófst 1993 með því að keypt var fyrrum verslun Kaupfélags Hafnfirðinga, Miðvangur. Breyta þurfti samþykktum félagsins og útvíkka félagssvæðið og var það gert á næsta aðalfundi. Verslunin í Vogunum var seld 1993 og rekstri hætt og deildin síðar sameinuð Njarðvíkurdeildinni. Kaupfélagið gerðist aðili að Innkaupasambandi kaupfélaga sem annaðist sameiginleg innkaup fyrir kaupfélögin. Næsta skref var opnun lágvöruverslunarinnar Kaskó að Íðavöllum 14, 1994. En sú verslun nýtur mikilla vinsælda og stendur sig vel í samkeppninni.“

## Umskipti á Ísafirði

„50 ára afmælisins var minnst 1995 með stóru afmælisblaði og auglýsingatilboðum. Árið eftir brann verslunin Járn



og Skip. Var það mikið tjón og var þá ákveðið að selja reksturinn til Byko en byggja húsið upp og leigja þeim. Útrásin heldur svo áfram. Kaupfélag Ísfirðinga hafði verið í rekstrarvandráðum um nokkurt skeið og Sambandið komið þar ítrekað til hjálpar en ekki dugað. Ákveðið var því að selja verslunina og þeir höfðu áhuga að hún yrði rekin áfram af öðru kaupfélagi. Keypt voru tæki og búnaður verslunarinnar og hún opnuð með pomp og prakt þann 5. desember 1996. Það má segja að þá hafi orðið algjör umskipti í verslunarmálum Ísfirðinga á svipaðan hátt og þegar KRON kom til Keflavíkur 1937. Boðið var upp á sama verð og fyrir sunnan en það hafði ekki þekkst áður.

Oft hafði verið rætt um breytingu á rekstarformi kaupfélagsins. Þetta var auðvitað stórmál og mikið um það rætt. 1998 var síðan ákvörðun tekin um að breyta verslunarrekstrinum í hlutafélag.

### Ný ásýnd félagsins

„Hið nýja félag Samkaup hf. tók við rekstri verslana og kjötvinnslu kaupfélagsins. Við þetta breyttist allt rekstarumhverfið. Komið var andlit á félagið og sást það best á reikningum þess. Eftir yfirtöku á verslunarrekstri kaupfélagsins rekur Samkaup 11 matvöruverslanir á Suðurnesjum, á höfðuborgarsvæðinu og Vestfjörðum ásamt dótturfélaginu Staðarborg í Grindavík.

Í stjórn á þessum umbrotatímum voru Magnús Haraldsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Birgir Guðnason, Ólafur Gunnlaugsson og Eyjólfur Eysteinnsson. Starfsmenn voru nú 240 og félagsmenn 3465 í 8 félagsdeildum. Guðjón Stefánsson var aðaldrifkrafturinn í þessum framkvæmdum. Samkaup og Kaupfélag Héraðsbúa á Egilstöðum gerðu með sér samning í þá veru að Samkaup annast samningagerð vegna vörukaupa og markaðsmál fyrir Kaupfélag Héraðsbúa. Kaupfé-



Frá aðalfundi KSK vorið 2005. Frá v.: Eyjólfur Eysteinnsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Ólafur Björnsson, Jón Ólafur Jónsson, Kristján Gunnarsson og Guðrún Jóhannsdóttir.



Fulltrúar Garðsdeildar á aðalfundi KSK 2005. Frá vinstri: Ingbjörg Gestsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Birna Margeirsdóttir og Brynja Pétursdóttir.

lag Suðurnesja á og rekur áfram Kjötvinnslu og húseignir kaupfélagsins.

Um áramótin 2000 voru hluthafar félagsins 299 að tölu og átti kaupfélagið 81,8 % hlutfjár. Viðræður höfðu farið fram um sameinigu verslunarrekstrar KEA sem gekk undir nafninu Matbær. Leiddu þessar viðræður til þess að stefnt var að formlegum samningum félagsanna um áramótin 2001. Á árinu var hafin bygging nýs verslunarhúss í Sandgerði. Einnig var í athugun þátttaka í byggingu verslunarmiðstöðvar á Ísafirði. Í byrjun janúar var hlutfé í Samkaupum aukið um 250 milljónir að nafnverði og aukningin öll afhent Kaupfélagi Eyfirðinga í skiptum fyrir allt hlutafé Matbæjar ehf. Var það samkomulag staðfest að fullu. Í skýrslu Samkaupa kemur fram

að þeir hefðu keypt allt hlutafé í Staðarborg í Grindavík. Hagnaður var á árinu 32,8 milljónir og samþykkt að greiða 5% arð. Í ársskýrslu kaupfélagsins fyrir árið 2001 kemur fram að rekstur Kaupfélags Suðurnesja er nú fyrst og fremst rekstur fasteigna og útleiga þeirra. Í árslok keypti félagið öll hlutabréf í Miðvangi h.f. í Hafnarfirði og er fyrirhugað að félagið sameinist kaupfélaginu 2002. Nú rekur félagið matvöruverslanir á höfðuborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Vestfjörðum og Norðurlandi undir nöfnunum Samkaup, Úrval, Nettó, Kaskó og Strax.

Í ársskýrslu 2002 kemur fram að kaupfélagið átti 44,9% og Kaldbakur h.f. 50% í Samkaupum og félagsmenn KSK sem áttu 5,1%. Ein ný verslun var opnuð á árinu, Nettó við

Salaveg í Kópavogi. Þá fluttu verslanir félagsins á Ísafirði og í Mývatnssveit í nýtt og glæsilegt húsnæði. Á árinu var Miðvangur sameinaður kaupfélaginu. Þegar það fréttist að Kaldbakur h.f. hefði hug á að selja eignarhlut sinn í Samkaupum ákvað stjórn félagsins strax að nýta sér forkaupsrétt sinn og kaupa þann hlut. Þarna áttu sér stað mikil tíðindi, sem fáir hefðu getað séð fyrir, þ.e. að Kaupfélag Suðurnesja myndi eignast allan verslunarrekstur KEA.

Ekki er hægt að ljúka þessu spjalli án þess að minnst á endurskoðendur félagsins. Þeir fyrstu voru Jón Tómasson og Valtýr Guðjónsson. Síðan komu þeir Hilmar Pétursson og Ásgeir Einarsson og síðast þeir Jón Ólafur Jónsson og Steingrímur Lilliendahl.

### Þakklátur fyrir samstarfið

Að lokum segir Gunnar Sveinsson:

„Þar með lýkur þessu þriðja 20 ára tímabili í sögu kaupfélagsins sem jafnframt er mesta umbreytingaskeið í sögu þess. Það einkenndist af stækkun og úþpenslu og jafnframt af góðri rekstarafkomu. Félagsmenn eru nú þátttakendur í einu af stærstu fyrirtækjum landsins. Útrásin hefur verið ótrúleg og vil ég þakka hana góðri forystu síðustu 20 árin og góðu starfsfólki.

Það eru margir sem ég vildi minnst þegar ég lít til baka með þakklæti fyrir samstarfið og samskiptin í blíðu og stríðu á liðnum árum en margir þeirra eru ekki á meðal okkar lengur. Ég vil einnig nota tækifærið og þakka félagsmönnum og viðskiptamönnum veittan stuðning og núverandi forystumönnum fyrir árangurinn, sérstaklega kaupfélagsstjóranum Guðjóni Stefánssyni. Jafnframt vil ég þakka öllum starfsmönnum um land allt fyrir afburða gott starf í gegnum árin. Ég óska félaginu allra heilla á þessu afmælisári.“



Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Suðurnesja 2005. Nöfn: Aftari röð frá vinstri: Eyjólfur Eysteinnsson, Jóngeir Hlinason, Guðfinnur Sigurvinsson, Sturla Eðvarðsson, Steinþór Geirdal Jóhannsson, Fremri röð frá vinstri: Birgir Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, Magnús Haraldsson og Guðjón Stefánsson.

# Leita þarf tækifæra víðar en í matvöruverslun

-segir Magnús Haraldsson, stjórnarformaður Kaupfélags Suðurnesja

## Framtíðarnefnd að störfum

„Við höfum tekið framtíð félagsins til umræðu á síðustu 2-3 aðalfundum félagsins og ákvað stjórn félagsins eftir aðalfund í fyrra að setja niður framtíðarnefnd til að vinna úr þeirri umræðu sem fram hefur farið. Hún er skipuð miklum áhugamönnum um vöxt og viðgang félagsins og er enn að störfum. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um breytingar og þær eru ekki á döfinni í bili. Kaupfélagið er stöðugt að svipast um eftir fleiri fjárfestingartækifærum til að dreifa áhættunni af matvöruversluninni og tryggja sig í sessi á markaði. Á síðasta sumri keypti félagið þriðjungshlut í lyfjaversluninni Lyfju hf.. Þessar fjárfestingar ásamt þeim fasteignum sem kaupfélagið á og leigir undir

Kaupfélag Suðurnesja verður að öllu óbreyttu rekið áfram í núverandi mynd sem eignarhaldsfélag. Framtíðarnefnd Kaupfélagsins sem skipuð er Skúla Skúlasyni, Jóhanni Geirdal og Sturlu Eðvarðssyni, hefur hugað að horfum og stefnumótun félagsins en ekki séð ástæðu til að leggja fram tillögur um breytingar á rekstrarfyrirkomulaginu. Framtíðarumræðan hefur einkum snúist um hvernig stjórn félagsins geti varðveitt eignir þess, eft þær og tryggt til framtíðar. Endurnýjun í félaginu með nýjum og virkum félögum er brýnasta verkefnið. Þetta segir Magnús Haraldsson, stjórnarformaður Kaupfélags Suðurnesja, í samtali við Faxa.

rekstur verslana Samkaupa eru verðmæti félagsins sem okkur ber skylda til að standa vörð um.“

## Hleypa nýju blóði í félagið

Magnús segir að það sem fyrst og fremst valdi áhyggjum sé að eftir að verslunarrekstrinum var breytt í hlutafélag hafi tengslin milli kaupfélags-

ins og félagsmanna rofnað nokkuð og hinn félagslegi áhugi minnkað.

„Þetta er ein meginástæðan fyrir framtíðarumræðunni sem fram fer innan kaupfélagsins,“ segir Magnús. „Hún snýst um það hvernig við getum varðveitt og ávaxtað eignir félagsins og hleypt í það nýju blóði með nýjum félagsmönnum. Við lítum á þetta sem eitt brýnasta

verkefnið sem við okkur blasir. Vandinn er sá að með breyttu rekstrarformi á versluninni hefur aðdráttarafl kaupfélagsins minnkað hvað nýliðun snertir - það fjölgar ekki eins mikið í félaginu og áður og meðalaldur félagsmanna hækkar. Við höfum reynt að bregðast við þessu síðustu árin með því að senda félögum afsláttarkort í Samkaupum og hið sama höfum við gert núna í sambandi við 60 ára afmælið. Félagsmönnum hefur verið gefinn kostur á góðum afslætti í verslunum og jafnframt höfum við lagt talsverða vinnu í að koma á félagsmannakorti, sem gæfi tvímælalaust möguleika á að efla tengslin á ný með hagkvæmari innkaupum félagsmanna í verslunum Samkaupa. Kaupfélag Suðurnesja bindur vonir við að samstarf geti tek-



ist við önnur kaupfélög um rekstur slíks tryggðakerfis. Kort af þessu tagi og kerfi til að halda utan um þau eru mjög dýr en gefa aftur á móti möguleika á því að umbuna félagsmönnum fyrir viðskipta-tryggð.

Verslunarrekstur er mjög áhættusamur rekstur og við getum ekki leyft okkur að hafa öll eggin í sömu körfunni. Verðstríðið og undirboðin á matvörumarkaði undanfarna mánuði hefur fært okkur heim sanninn um að það er lítill vandi að tapa á matvöruverslun ef menn neyðast til að elta verslunarrisana sem virðast hafa ómælt fé til undirboða.“

### Tækifæri á hlutabréfamarkaði

„Styrkleiki Kaupfélagsins liggur fyrst og fremst hér á svæðinu,“ heldur Magnús áfram. „Þetta er 60 ára gamalt fyrirtæki sem hefur tekið virkan þátt í atvinnulífi, verið afar öflugt í verslunarrekstri og alltaf getað útvegað félagsmönnum sínum og Suðurnesjabúum almennt matvöru á mjög samkeppnisfæru verði. Ég held einnig að meginþorri félagsmanna ætlist til þess að við séum virkir í verslun á svæðinu og stöndumst samanburð við keppinautana. Útrás félagsins á síðustu árum ásamt sameiningunni við KEA verslanirnar hefur styrkt okkur mjög og gert okkur kleift að standa okkur í samkeppninni.“

*Eru einhver áform á döfinni um meiri þátttöku í óskyldum rekstri á borð við Lyfju eða jafnvel annarsstaðar í atvinnulífinu?*

„Hraðfrystihús Keflavíkur var mikill rekstur á sínum tíma en tímarnir hafa breyst og við förum tæpast aftur út í slíkan rekstur og varla heldur byggingarvöruverslun jafnvel þótt svigrúm sýnist vera fyrir þriðju keðjuna í byggingarvöru. En ég tel að við höfum gert rétt þegar við hættum eftir brunann í Járn og skip. Þá þegar var ljóst



**Stjórn Samkaupa á stjórnarfundum á Hótel KEA 30. ágúst Fremri röð: Guðjón Stefánsson framkvæmdastjóri og Magnús Haraldsson stjórnarformaður Aftari röð, Rögnvaldur Skíði Friðbjörnsson, Sveinn Hallgrímsson, Jóhannes Karl Sveinsson og Sigurbjörn Gunnarsson.**

að það stefndi í að tveir aðilar yrðu ráðandi á þessum markaði og voru báðir byggingarvöruisarnir komnir af stað að leita að húsnæði hér á svæðinu og ljóst að við hefðum fengið þá yfir okkur á versta tíma meðan við vorum að byggja upp.

Ég sé ekki síður tækifæri á hlutabréfamarkaði en á matvörumarkaði eða í einhverjum óskyldum rekstri, eins og t.d. lyfjaverslun sem við höfum nýlega fjárfest í. Best væri ef við finndum slík tækifæri hér á svæðinu. Við erum með augum opin, tilbúnir að grípa tækifærið ef það gefst svo fremi að áhættan sé ekki of mikil.

Okkur samvinnuöðrum finnst sá hugsunarháttur ein-kennilegur að ekki sé hægt að reka verslun eða sparisjóð eða halda utan um slík fyrirtæki nema menn eigi þau sjálfir og reki fyrir eigin reikning. Kaupfélag Suðurnesja og Sam-



**Kristján Gunnarsson formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur afhendir Magnúsi Haraldssyni sögu Pöntunarfélags verkalýðsins sem var forveri Kaupfélags Suðurnesja.**

kaup h.f. hafa á undanföllum árum verið að byggja upp verslunarrekstur víða um land. Samkaup h.f. kaupir jafnframt fjölbreytta þjónustu á þessum stöðum og eru með stóran hluta skrifstofuhaldsins á Akureyri

t.d. Við erum þannig óbeint aðilar að og þátttakendur í atvinnulífi og framkvæmdum á landsbyggðinni, erum raunverulegt landsbyggðarfyrirtæki“ sagði Magnús Haraldsson að lokum.

**A**fgreiðsluhættir hafa mikið breytt á þeim sextíu árum, sem liðin eru, síðan Kaupfélag Suðurnesja opnaði sína fyrstu verzlun að Hafnargötu 30 í Keflavík - og var ekki spáð langlífi. Þá voru allir afgreiddir „yfir búðarborðið“. Allar vörur voru teknar úr hillum eða skúffum, pakkað inn í pappír eða poka og lagt á búðarborðið, þar sem viðskiptavinurinn greiddi það og tók við því.

Mjólkin var mæld upp úr stórum mjólkurbrúsum framleiðendanna með sérstökum, löggiltum mjólkurmálum, svo að segja um leið og hún kom frá bóndanum.

Húsmæður voru oftast fyrstu viðskiptavinir dagsins. Þær komu að kaupa mjólk og brauð, en síðan þurftu þær í fiskbúðina að kaupa í hádegismatinn. Það var dagleg sjón að sjá húsmæðurnar á gangi um göturnar með tveggja lítra mjólkurbrúsa í annarri hendi og fisk, þræddan upp á vír, í hinni.

Á þessum árum komu vörurnar í stórum pakkningum í verzlunirnar, ýmist í sekkjum, kössum eða tunnum. Síðan var þetta vigtað í smærri einingar. Oft voru einn til tveir starfsmenn í senn að „vigta upp“ sykur, mjölvöru, sultu og sitt hvað fleira, til hægðarauka fyrir afgreiðslufólkið og var tíminn, þegar lítið var að gera í búðinni, oft notaður til „uppvigtnar“.

Osturinn kom alltaf í margra kílóa stórum stykkjum, og viðskiptavinurinn bað oftast um ost fyrir 2 krónur eða 2,50. Það gat verið vandasamt að skera ostbitann í hæfilega stærð, en fólk þjálfaðist nokkuð fljótt í þessum afgreiðslumáta, og oftast munaði sáralitlu á þyngdinni.

### Starfsfólkið fylgdi með í kaupunum

Verzlunarhúsið á Hafnargötu 30 var gríðarlega stórt á þeirra tíma mælikvarða. KRON



Fyrstu starfsstúlkur Kaupfélags Suðurnesja: Efri röð: Helga Kristinsdóttir, Agnes Jóhannsdóttir, Jóhanna Kristinsdóttir, Ólöf Eiríksdóttir, Sesselja Kristinsdóttir. Neðri röð: Anney Guðjónsdóttir, Erla Sigurðardóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir og Guðmunda Friðriksdóttir.

# Kaupfélagsþankar



Höfundur þessarar greinar, Helga Kristinsdóttir, fæddist í Akri í Innri-Njarðvík 1927. Hún byrjaði að starfa hjá KRON 15 ára gömul en flutti sig yfir til Kaupfélags Suðurnesja þegar félagið var stofnað 1945. Þar vann Helga í tæp þrjú ár. Síðar stofnaði hún verslunina Kyndil ásamt eiginmanni sínum Birni Stefánsson og fleirum. Helga starfaði seinna sem ræstingarstjóri á Sjúkrahúsi Keflavíkur, síðar Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, í níttán ár. Myndin af fyrstu starfsstúlkum Kaupfélagsins var tekin þegar félagið yfirtók reksturinn hjá KRON.

byggði það árið 1942, og var byggingameistarinn Þórður Jasonarson frá Vorsabæ. Þar rak KRON (Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis) fjölbætta verzlun, sem seldi kjöt, mjólk og mjólkurafurðir, brauð, nýlenduvörur, tóbak, sælgæti, búsaðhöld, skó, vefnaðarvöru, stykkjavöru ýmiss konar, tilbúinn fatnað, bækur og ritföng, ásamt kolum, steinolú og byggingavörum.

Þegar Kaupfélag Suðurnesja yfirtók reksturinn 1945, fylgdi starfsfólkið, að sjálfsögðu, með í kaupunum.

Á þessum árum skeði margt skammtilegt, og kaupfélagið

var góður vinnustaður margs ungs og samhents fólks. Þá var lítið um raforku og rafmagn ekki notað til allra hluta, eins og nú. Peningakassarnir voru handsnúinir og verð vara reiknað út og lagt saman á blaði eða í huganum. Stöku sinnum fékk maður þó afnot af handsnúinni margföldunarvél. Þegar rafmagnið frá Sogsvirkjun kom síðari hluta desember 1945 fór þetta þó smátt og smátt að breytast til batnaðar.

Kjötskrokkarnir voru höggir niður með kjötöxi á sérstökum höggstokki. Lærin voru yfirleitt hlutuð niður í þrennt og oftast steikt í potti, en þá

þekktist ekki að steikja í ofni eða grilla. Aðrir hlutar kjötskrokkanna voru notaðir í súpukjöt eða höggur í spað og saltaðir, en slögin notuð í rúllupylsu eða kæfu. Það þekktist að höggva hryggi í kótelettur, en var sjaldan gert, enda vandasamt að gera það þannig, að vel færi. En með nýjum „rafstraumi“ kemur rafknúin kjötsög, og breytingin er gríðarleg.

### Gjaldkerinn fastur í peningageymslunni

Kaupfélagið vildi gæta vel fengins fjár og lét gera eldtrausta peningageymslu í kjall-



ara hússins. Nú skeður það einn morguninn, er gjaldkerinn fer niður í peningageymslu að sækja skiptimynt og bókhaldsgögn, að ein afgreiðslustúlkan á leið framhjá. Hún rekur sig í þunga hurðina, sem skellur aftur og í lás, en gjaldkerinn lokast inni í loftlítilli geymslunni, með lykilinn í höndunum - og ekki unnt að opna innanfrá. Aðeins voru tveir lykjar í umferð. Kaupfélagsstjórinn var með hinn, en hann var nýfarinn með rútunni áleiðis til Reykjavíkur.

Nú voru góð ráð dýr - ekki var hægt að láta gjaldkerann kafna úr loftleysi þarna! Hugað var að því að fá áhöld til að bora gat á öflugan vegginn til að hleypa lofti inn eða ná lyklinum út. Þá datt einum starfsmanninum í hug að hjóla á eftir rútunni. Hann hentist af stað á sendisveinahjólinu - og náði rútunni í Innri-Njarðvík. Fær hann lykilinn hjá Birni Péturssyni, þáverandi kaupfélagsstjóra, og hjólar aftur í loftköstum með hann til Keflavíkur. Þarna bjargaði Jóhann Fr. Sigurðsson Braga Halldórssyni úr þrúundinni, en kaupfélagsstjórinn hélt áfram för sinni til Reykjavíkur.

Eftir þetta fór Bragi aldrei inn í peningageymsluna, án þess að setja eitthvað á milli stafs og hurðar!

Á stríðsárunum var oft mikill vöruskortur, en eftir að stríðinu lauk, fóru vörurnar smátt og smátt að koma inn aftur. Hvít teygja hafði ekki verið til um margra mánaða eða jafnvel ára skeið, en kom nú á 500 metra rúllu.

Ákveðið var, að hvern viðskiptavin mætti afgreiða með 10 metra. Strax og opnað var að morgni, fylltist búðin af fólki. Allir gripu í teygjuna og vildu fá sinn skerf. Enduðu ósköpin með því, að loka varð verzluninni, fjarlægja teygjurúlluna og bíða með frekari afgreiðslu til næsta dags, en þá var búið að mæla í 10 metra búta, það sem not hæft var eftir á rúllunni - en

öll teygja var farin úr því, sem viðskiptavinirnir höfðu teygt sem mest.

### „Nú kaupir þú þér föt, góði minn!“

Eftir stríð - en oft var miðað við fyrir og eftir stríð á þessum árum - kom stór sending af herrafatnaði, fötum, frökkum, skyrtum, höttum og fleiru. Nú var mikið að gera. Svona flott föt höfðu ekki sézt í mörg ár. Menn streymdu að til að skoða, og konur komu með mönnum sínum. Ein konan sagði við mann sinn, sem var bóndi á Miðnesi: „Nú kaupir þú þér föt og frakka, góði minn,“ en hann svarar: „Hvenær á ég að vera í þessu? Þegar ég fer í fjósið?“ „Nei, þegar þú ferð í veizlur og boð,“ anzaði konan.

Þegar búið var að grand-

auðvitað gerði kaupfélagið það einnig. Sendur var stór vörubíll til að safna innmatnum í sláturhúsunum. Blóðið var látið í stóra tunnu, og það var ekki alltaf vel lyktandi, eftir tveggja til þriggja daga söfnun.

Nú skeður það eitt haustið, að blóðið og innmaturinn kemur frosið, en vambirnar saltaðar. Andlitið hreinlega datt af fólkinu! - Að menn skyldu geta látið sér detta annað eins í hug. - Að frysta blóðið það yrði aldrei matur úr því! Allir voru mættir með bala og brúsa, en fóru tómhentir heim. Menn ætluðu sko alls ekki að kaupa það, sem búið væri að skemma!

Eftir nokkra klukkutíma kom ein húsmóðirin aftur, hún Sigríður Ágústsdóttir, eiginkona Skúla Oddleifssonar.

## „Mér er alveg sama, hvað það heitir. Það er bara stíft og stendur út - og ég ætla að fá það!“ Allir þeir, sem í búðinni voru, skellihlógu.

skoða þennan nýja fatnað, kom í ljós, að það var rennilás í buxnaklaufinni, en ekki tölur, eins og menn höfðu vanizt á þeim árum. Flestir dæmdu buxurnar ónothæfar og rennilásana varasama, eða jafnvel allt að því hættulega. Nú líða tveir dagar. Þá kemur maður í verzlunina, tekur mig afsíðis og spyr, hvort ekki séu enn til buxurnar með smekklásnum.

Hann keypti sér einar, og nú fór að færast líf í sölnu á buxum með rennilás. Þarna sannaðist það enn einu sinni, að fólk þarf alltaf tíma til að átta sig á nýjungum.

Eins var það með slátrið. Það hafði verið síður í mörg ár að selja slátur á haustin, og

Hún sagði: „Það kannski drepur nú engan, þó maður kaupir innan úr einu lambi.“ Hún fékk eitt kíló af blóði, ásamt öllu tilheyrandi. Nú var mikil spennan að vita, hvernig sláturgerðin heppnaðist. Þegar slátrið var borið á borð, var dómurinn einróma sá, að ekki hefði betra slátur verið fram borið um árabil.

Og slátrið rann út!

### Þúsund vatna Hafnargata

Á þessum árum var Hafnargatan ekki malbikuð. Hún var öll í holum og drullupollum, þegar rigndi, enda nefndi eitt skáld þorpsins hana þúsund vatna Hafnargötu í einu ljóði sínu.

Nú kom sending af fallegum kvenskóm í kaupfélagið, virkilegir spariskór. Þeir voru líka fljótir að seljast upp - en þeir entust ekki lengi, því þegar farið var á „rúntinn“ á blautri Hafnargötunni, leystust þeir bara upp. - Þeir reyndust sem sé vera búnir til úr hertum pappa og þoldu enga bleytu.

Á þessum tíma var til efni, er nefnt var organdí. Það var mjög þunnt, en stíft. Einu sinni kemur kona til að kaupa þetta efni, en hún var búin að steingleyma, hvað það hét. Hún stendur lengi við afgreiðsluborðið, án þess að geta rifjað upp nafnið, en segir loks: „Mér er alveg sama, hvað það heitir. Það er bara stíft og stendur út - og ég ætla að fá það!“ Allir þeir, sem í búðinni voru, skellihlógu.

Kona kom eitt sinn úr Reykjavík til að kaupa sér efni í kjól, en hún vildi fá það af hinum enda strangans, svo við máttum rúlla ofan af öllum stranganum, mæla efnið handa konunni af innri endanum og koma svo öllu í samt lag aftur. Hún sagði, að allt væri svo skíttugt hér í Keflavík!

Þegar verið var að flytja herlið Bandaríkjanna heim frá vígstöðvunum í Evrópu, var yfirleitt áð í Keflavík, ýmist á flugvælinum eða skipalæginu. Flyktust þá hermennirnir í búðir í Keflavík, sérstaklega Suðurnes h/f, sem Kaupfélag Suðurnesja keypti árið 1946, og í kaupfélagið. Keyptu þeir mikið af ýmiss konar vörum, ekki sízt minjagripum, og oft var það svo, að megnið af því, sem kom úr peningakössunum að kvöldi, voru dollarar, en þá var gengið á dollaranum kr. 6,50 - og þótti jafnvel gott, að geta losnað við þá á því verði!

Margt hefur breytzt á þessum sextíu árum og tíminn verið fljótur að renna sitt skeið, en - það var framtíð í fortíðinni, þrátt fyrir hrakspár í upphafi - þökk sé traustri og dugandi forystu!

Helga Kristinsdóttir

# Allt í úrvali



**Samkaup**

**úrval**

Með góða kostinn

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Hafnarfjörður • Húsavík  
Ísafjörður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagatrönd